

Bliki

TÍMARIT UM FUGLA

23

FEBRÚAR 2003





EFNI

Arnþór Garðarsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson: Veturseta straumandar á Suðvesturlandi	1
Arnþór Garðarsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson: Útbreiðsla og fjöldi straumandar á Íslandi að vetrarlagi	5
Yann Kolbeinsson, Gunnlaugur Þráinsson og Gunnlaugur Pétursson: Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1999	21
Gaukur Hjartarson, Ríkarður Ríkarðsson og Yann Kolbeinsson: Þrjár nýjar skríkjutegundir berast til Íslands	51
Hallgrímur Gunnarsson: Nýr fugl - þernutrítill	55
Ólafur K. Nielsen: Svölugleða á Síðu	57
Flækingsfuglamynd ársins 2002	60
Sögur af tjöldum	61
Fuglagáta	64

Veturseta straumandar á Suðvesturlandi

Veturseta straumandar var könnuð á þremur stöðum á Suðvesturlandi 1999-2001. Straumendur komu í október og hurfu í maí. Breytingar í fjölda voru nokkrar í byrjun nóvember og í vetrarlok og benda til þess að einhverjar hreyfingar eigi sér stað þá. Annars var fjöldinn nokkuð stöðugur allan veturinn.

Inngangur

Veturna 1998-2001 var könnuð útbreiðsla og fjöldi straumandar *Histrionicus histrionicus* á Íslandi. Markmið könnunarinnar voru að lýsa dreifingunni að vetrinum með tilliti til umhverfisaðstæðna (Arnþór Garðarsson 2002) og að áætla stofnstærðina (Arnþór Garðarsson & Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2003). Til þess að styrkja þann grunn, sem könnunin er byggð á, töldum við nauðsynlegt að fylgjast með því á völdum stöðum hvernig fjöldi straumandar breyttist yfir veturinn. Fyrir valinu varð að gera þessa athugun við Suðvesturland, enda mikið um þekkta og aðgengilega straumandarstaði þar. Athuganir á síðustu árum hafa reyndar leitt í ljós að viðveru straumandar á sjó er ekki eins háttáð í öllum landshlutum, því að mjög lítið er af straumönd að sumarlagi við suðvestanvert landið.


Aðferðir

Straumendur voru taldar veturna 1999-2000 og 2000-2001 á þremur talningar-svæðum á Suðvesturlandi, alls 16,9 km (1. mynd). Svæðin voru: (1) Hraunsvík, vestan Grindavíkur (lengd strandlengju 3,6 km), (2) Hafnir, frá Ósum suður í Eyrarsker við Kirkjuhöfn (lengd 8,3 km), og (3) sunnan-verð Hofsvík á Kjalarnesi (lengd 5,0 km). Svæðin voru valin þannig að auðvelt væri að komast þangað og áhersla lögð á að dreifa þeim til þess að draga úr áhrifum staðbundins breytileika. Talsverð fjarlægð er milli svæðanna (1. mynd). Frá Hraunsvík í Hafnir eru um 32 km, sé fylgt ströndinni

fyrir Reykjanes, og frá Höfnum kringum Garðskaga í Hofsvík eru um 64 km. Reynt var að telja með reglulegu millibili á tímabilinu október til apríl/maí, eftir því sem veður leyfði. Alls voru svæðin talin 16 sinnum fyrri veturinn og 8 sinnum þann seinni. Veður og birta gátu hamlað talningu á einstökum svæðum, svo að sum svæði voru talin oftar en önnur. Talið var með fjarsjám með 20-60x stækkun. Unga steggi var ekki hægt að greina með vissu fram eftir hausti og var þá aðeins greint í fullorðna steggi og svokallaða k-fugla, sem voru þá bæði kvenfuglar og ungar. Ungir steggir voru taldir þegar á leið veturinn og þeir urðu greinanlegir, auk þess sem greint var til kynja.

Niðurstöður

Straumendur voru komnar á öll þrjú svæðin þegar athuganir hófust, í lok fyrstu viku október 1999, en þá sáust alls 77 straumendur (2. mynd). Haustið 2000 var einnig lítið eftir straumöndum á svæðunum í ágúst og september. Hinn 17. ágúst sáust tvær straumendur í Hofsvík, fullorðinn steggur og ókyngreind, og 29. september sáust fjórir kvenfuglar eða ungfuglar á sama stað. Engar straumendur fundust við Hafnir eða í Hraunsvík þessa daga. Einn kvenfugl sást þó í Hraunsvík 1. ágúst 2002. Í byrjun október 2000 fór straumöndum fjölgandi og var heildarfjöldinn svipaður og árið áður (2. mynd). Bæði árin fjölga straumöndum í október (mest 170 fuglar 25. október 1999




1. mynd. Athugunarsvæði á Suðvesturlandi: 1) Hraunsvík, 2) Hafnir, 3) Hofsvík. – *Study sites in SW-Iceland.*

og 149 hinn 19. október 2000), en síðan dettur fjöldinn niður í nóvemberbyrjun (samtals 88 fuglar 2. nóvember 1999 og 96 hinn 7. nóvember 2000). Talningar voru mjög strjálar um miðjan veturinn, en fjölgun varð fljótlega aftur í nóvember og um áramót er heildarfjöldinn orðinn 174 (4. janúar 2000) og 166 (21. janúar 2001). Enn fjölgaði og hæstu tölurnar sem fengust voru í vetrarlök: 182 (22. mars 2000) og 285 (23. febrúar 2001). Fækkun vorið 2000 varð aðallega fyrir miðjan apríl, en þó voru enn eftir straumendur á talningarsvæðunum fram í miðjan maí (alls 41 fugl 7. maí og um 24 dagana 16.-25. maí). Ekki var fylgst með brottför vorið 2001, þá voru enn eftir 205 straumendur 15. apríl (2. mynd).

Hlutfall fullorðinna steggja var hátt og nokkuð breytilegt í byrjun hausts en jafnaðist síðan út og hélst svipað, um 56%, mestallan veturinn (3. mynd).


Umræða

Markmið þessarar athugunar var að kanna hvaða breytingar ættu sér stað á fjölda straumandar á einstökum svæðum yfir veturinn. Segja má að þetta markmið hafi náðst. Samt er ekki öllum spurningum svarað með þessari einföldu athugun. Í ljós hefur komið að suðvestanvert landið sker



2. mynd. Fjöldi straumandar á þremur stöðum á Suðvesturlandi í október til maí veturna 1999-2000 og 2000-2001. – *Numbers of Harlequin Ducks counted at 3 study sites in SW-Iceland in October-May 1999-2000 and 2000-2001.*

3. mynd. Kynjahlutföll straumandar (sem hlutdeild fullorðinna steggja af heild) á athugunarstöðum suðvestanlands í október – maí veturna 1999-2000 og 2000-2001. Lóðrétt strik sýna 95% vikmörk. – *Sex ratios of Harlequin Ducks (as proportion adult males in sum) counted at 3 study sites in SW-Iceland in October-May 1999-2000 and 2000-2001. Vertical bars indicate 95% confidence limits.*



síð úr miðað við aðra hluta strandlengjunnar að því leyti að nær engar straumendur finnast þar í sárum (óbirt gögn).

Nokkur óregla sást í fjöldanum í byrjun vetrar. Á henni gætu verið fleiri en ein skýring. Hugsanlegt er að straumönd sé ekki aðeins vetrargestur suðvestanlands, en fari einnig um vor og haust. E.t.v. ferðast þær eitthvað meðfram ströndinni, en gætu jafnvel verið á leið til og frá S-Grænlandi eða jafnvel lengra. Til þessa sama gæti bent fjölgun sem vart verður í mars. Einnig gæti óreglan að haustinu stafað af staðbundnum ástæðum. Til dæmis er hugsanlegt að straumönd sæki þá í hrogn einhverra fiska, líkt og margar endur. Loks hefur okkur dottið í hug að óreglan að haustinu kunni að tengjast þörunaratferli straumandar, sem er mjög áberandi í nóvember.

ÞAKKIR

Við þökkum Gunnari Þóri Hallgrímssyni, Haraldi R. Ingvasyni, Jóni E. Jónssyni, Tómasi G. Gunnarssyni og Yann Kolbeinssyni fyrir aðstoð við talningar.

HEIMILDIR

Arnþór Garðarsson 2002. The geographic dispersion and abundance of Harlequin Ducks wintering in Iceland. – Bls. 233-237 í: D. Chamberlain & A. Wilson (ritstj.) Avian Landscape Ecology Proceed-

ings, International Association for Landscape Ecology (UK Region) Conference, University of East Anglia, Norwich, 10-12 September 2002.

Arnþór Garðarsson & Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2003. Útbreiðsla og fjöldi straumandar á Íslandi að vetrarlagi. – Bliki 23: 5-20.


SUMMARY

The wintering of Harlequin Ducks in Southwest Iceland

Wintering Harlequin Ducks *Histrionicus histrionicus* were counted at three study sites, total length of coast 16.9 km, in Southwest Iceland (Fig. 1) during October-May 1999-2000 and October-April 2000-2001. The birds arrived mainly in October, but in both winters a drop in numbers was observed for a short time in early November (Fig. 2). Up to 170 birds were found in mid-winter, but the highest numbers were observed towards the end of winter (e.g. 285 on 23 February 2001). Departure in spring was mainly about mid-April, although some birds were still present until late May. The observed drop in numbers at the beginning of November suggests movement, which could perhaps be related to migration through the area or to local movements. Increase towards the end of winter may also suggest movement. Overall, the numbers varied little through the winter, and single winter counts, as in surveys covering large areas, can therefore be taken as reasonably good approximations of numbers.

Arnþór Garðarsson og

Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Líffræðistofnun háskólans / Institute of Biology, University of Iceland, Grensásvegur 12, 108 Reykjavík.



Straumendur að vetrarlagi eru stundum kallaðar brimdúfur. Hópur í Hraunsvík undir Festarfjalli austan Grindavíkur. – Arnþór Garðarsson.



Straumandarpar á Laxá í Mývatnssveit. – Jóhann Óli Hilmarsson.

Útbreiðsla og fjöldi straumandar á Íslandi að vetrarlagi

Veturna 1998 til 2001 var fjöldi og útbreiðsla straumandar könnuð allt í kringum land. Áætlaður fjöldi var 14000 (95% vikmörk 12000-16000). Kvenfuglar voru 41% (af kvenfuglum+fullorðnum steggjum) og ungir steggir 9% af öllum steggjum. Ef straumöndin er alger staðfugl, má ætla að varpstofninn sé 3000 til 5000 kvenfuglar, eða 3-5 pör á hverja 100 km² lands.

Inngangur

Útbreiðsla straumandar er allóvenjuleg, en hún nær frá Íslandi vestur um Grænland og N-Ameríku til A-Asíu. Í N-Evrópu er hún aðeins þekkt sem flækingur (Cramp & Simmons 1977, Robertson & Goudie 1999). Hér á landi er straumöndin útbreiddur varpfugl við flestar bergvatnsár, í allt að 700 m h.y.s., en heldur sig í litlum hópum meðfram klettóttum sjávarströndum á veturna (Finnur Guðmundsson 1971, Náttúrufræðistofnun 2000).

Í þessari grein er lýst könnun á fjölda og útbreiðslu straumandar að vetrarlagi sem fór fram á árunum 1998-2001. Straumendur voru taldar á aðgengilegum stöðum, en jafnframt var leitast við að bera dreifingu straumandar saman við gerð strandarinnar, til þess að bæta stofnmatið.

Þekking á stofnstærð og útbreiðslu straumandar hér á landi er áhugaverð, bæði frá almennu fræðilegu sjónarmiði og vegna verndar stofnins. Vegna þess hversu dreifð straumöndin er á varpstöðvunum, virðist harla óáreinnilegt að reyna að áætla stofnstærðina meðan endurnar dveljast þar. Hins vegar er straumöndin mjög bundin við ströndina að vetrarlagi, og fer jafnan skammt út fyrir flæðarmálið. Útbreiðslan takmarkast þar við flöt sem er innan við 2000 km², í stað 100 000 km² að vorinu, og gefur augaleið að auðveldara ætti að vera að telja straumendur að vetrarlagi. Það er þó háð því að straumöndin sé staðfugl hér á landi, a.m.k. að langmestu leyti. Þetta er að vísu almenn skoðun, en er byggð á


takmörkuðum upplýsingum og ekki víst að hún standist þegar fram í sækir. Könnun að vetrarlagi getur gefið góða hugmynd um fjöldann hér á landi að vetrinum og skoðast sem lágmarksáætlun á stofnstærð.

Aðferðir

Strandlengju Íslands (alls um 6000 km) var skipt í 18 svæði (1. mynd) og voru 13 þeirra könnuð að verulegu leyti af jörðu niðri. Svæðaskiptingin var að nokkru byggð á staðsetningu og einkennum strandlengjunnar sjálfrar og að nokkru á þeirri aðferð sem viðhöfð var til þess að meta fjölda straumandar. Orðið „svæði“ er hér á eftir notað í merkingunni bútur strandlengju eins og hann er auðkenndur í 1. mynd. Þrenns konar aðferðir voru notaðar til þess að meta fjölda straumandar: sérstakar talningar á jörðu niðri, talningar úr flugvél, eldri talningar og upplýsingar kunnugra.

Landtalningar

Talningar á landi voru mikilvægasta aðferðin til þess að kanna fjölda, dreifingu og skiptingu stofnsins eftir aldri og kynferði. Alls voru 1165 km á 179 stöðum kannaðir á jörðu niðri. Af þeim fundust straumendur á 85 stöðum, alls um 594 km (Viðauki). Staðirnir voru valdir þannig að þeir væru aðgengilegir, þ.e.a.s. að þangað væri sæmilega fært landleiðina að vetrinum. Talningar af landi náðu yfir mestalla strandlengjuna frá Ölfúsarósi í Borgarnes, eða um 80% af þeirri strönd þar sem



1. mynd. Útbreiðsla straumandar að vetrarlagi. Fylltir hringi tákna staði þar sem straumendur sáust og skoðaðir voru af jörðu niðri. Auðir hringir sýna staði þar sem straumendur sáust úr lofti. Ferningar tákna að upplýsingar séu byggðar eingöngu á heimildum. Mörk svæða sem notuð eru í 1. töflu eru tölusett 1-18. – *The distribution of Harlequin Ducks on the coast of Iceland in winter. Filled circles indicate occurrences based on ground surveys, open symbols are based on aerial surveys. Squares show occurrences based on other records. The numbers 1-18 show boundaries of coastal regions as used in Table 1.*

straumendur voru (1. tafla). Einnig voru talningar nokkuð samfelldar við sunnanvert Ísafjarðardjúp (73% af notaðri strönd), við vestanvert Norðurland (67%), meðfram Tjörnesi (63%) og við sunnanverða Austfirði (72%). Annars staðar voru landtalningar slitróttari enda erfitt að koma þeim við á löngum köflum, svo sem við norðanverðan Faxaflóa, norðan Ísafjarðardjúps, á norðanverðum Ströndum og víða norðaustanlands. Talningar af landi voru gerðar 1999-2001, aðallega síðari hluta nóvember og í febrúar-mars, og allar innan tímabilsins 15. nóvember til 8. apríl, en á þeim tíma hélst fjöldi straumandar á þremur stöðum við Suðvesturland nálægt hámarki og nokkurn veginn stöðugur (Arnpór Garðarsson & Þorkell L. Þórarinnsson 2003).

Strandlengjan var skoðuð með sjónaukum (oftast 22x eða 20-60x stækkun), leitað að straumöndum og þær taldar og greindar eftir því sem kostur var til kyns og aldurs (steggirnir). Talið var af góðum útsýnisstöðum og eingöngu í sæmilega stilltu veðri. Á hverjum stað var reynt að kanna sem lengsta samfellda strandlengju. Reynt var að jafna athugunum sem mest niður, þannig að bæði áveðra og skýldar strendur væru skoðaðar. Fjöldi straumandar á hverju svæði var síðan metinn sem meðalfjöldi á strandlengju með straumönd margfaldaður með lengd strandlengju þar sem straumönd kom fyrir (þ.e.a.s. strandlengja þar sem engin straumönd sást var reiknuð sem 0). Niðurstöður úr landtalningunum mynda grundvöll fyrir frekari

1. tafla. Yfirlit yfir fjölda og dreifingu straumandar að vetrarlagi. – *A survey of the numbers and distribution of Harlequin Ducks wintering in Iceland.*

Svæði – Area	Strandlengja (km) Length of coast (km)			Straumendur taldar Harlequins counted		Metinn fjöldi
	alls total	notuð used	talin á jörðu counted from ground	af jörðu ground	úr lofti air	Estimated total
1 Hamarsfjörður–Ölfusá	511	12	–	–	–	60 ^a
2 Ölfusá–Garðskagi	174	75	55	283	144	386
3 Garðskagi–Borgarfjörður	351	54	45	280	–	336
4 Borgarfjörður–Öndverðanes	289	124	–	–	347	1051 ^b
5 Öndverðanes–Gilsfjörður	857	156	32	298	304	1453
6 Gilsfjörður–Bjargtangar	581	89	1	6	57	173 ^b
7 Bjargtangar–Hofsá í Arnarfirði	223	95	33	192	112	553
8 Hofsá–Sauðanes N Önundarfjarðar	160	73	16	284	195	1296
9 Sauðanes–Ísafjörður	319	71	50	156	169	222
10 Ísafjörður–Straumnes	263	86	–	–	339	1027 ^b
11 Straumnes–Hrútafjörður	613	411	20	118	407	2425
12 Hrútafjörður–Austari Héraðssvötn	240	105	71	708	–	1047
13 Austari Héraðssvötn–Siglufjörður	104	40	26	350	318	538
14 Siglufjörður–Skjálfandi	275	133	13	108	329	1105
15 Skjálfandi–Fjallahöfn	70	38	24	390	301	618
16 Fjallahöfn–Selfljót	515	198	50	193	237	764
17 Selfljót–Reyðarfjörður	256	85	59	273	135	393
18 Reyðarfjörður–Hamarsfjörður	258	139	99	504	–	708
Alls:	6059	1984	594	4143	3394	14153

a) Fjöldi metinn skv. öðrum heimildum. – *Total estimated from collateral information.*

b) Fjöldi metinn skv. talningum úr lofti, margfaldaður með 5874/1940, þ.e. hlutfallinu á milli fjölda, reiknaðs skv. talningum af landi, og flugtalninga á svæðum 2, 7-9 og 13-17 þar sem báðar aðferðirnar voru notaðar. – *Number estimated from aerial counts multiplied by 5874/1940, i.e. ratio of total estimated from ground counts to results of aerial counts in sectors 2, 7-9 and 13-17 where both methods were used.*

túlkun gagna og til þess að greina þéttleika straumandar með hliðsjón af búsvæðagerð.

Talningar af jörðu niðri gefa góða möguleika að kanna samsetningu stofnsins, en síðari hluta vetrar er hægt að greina á milli kvenfugla annars vegar og hins vegar fullorðinna (eldri en eins árs) og ungra (á fyrsta vetri) steggja (sbr. Smith o.fl. 1998). Notaðar voru tölur frá tímabilinu janúar-mars, alls 2707 kyngreindir fuglar og 1768 aldursgreindir steggir. Hlutfall kynja er sett fram sem hlutfall kvenfugla (þ.e. allra kvenfugla, bæði á fyrsta ári og eldri) af heildartölu kvenfugla plús fullorðinna steggja (þ.e. steggir á fyrsta ári eru ekki taldir með). Hlutfall ungra steggja er einfaldlega hlutfall ungra steggja af heildar-

fjölda steggja.

Talningarnar má einnig nota til þess að áætla heildarfjölda straumanda sem hafa vetursetu hér við land. Sé gert ráð fyrir að straumöndin sé alger staðfugl, þ.e. að allar íslenskar straumendur eigi hér vetrardvöl, er stofnstærðin fengin með vetrarfjöldanum. Þó er óvarlegt að gera ekki ráð fyrir að eitthvað af straumönd flytji sig vestur um haf til vetursetu. Tölur sem fást að vetrinum gefa því til kynna lágmarksfjölda. Einfalt er að áætla heildarfjöldann með því að beita hlutfallsaðferð sem kennd er við Jolly (1969; sjá einnig Caughley & Sinclair 1994). Þá eru notaðar tölur um fjölda anda og lengd strandlengju sem hér er að finna í Viðauka. Strangt til tekið ætti úrtakið að

vera slembidreift, sem það er ekki. Hins vegar er hátt hlutfall, eða 30% (594 af 1984 km, sbr. 1. töflu) nothæfrar strandlengju í úrtakinu.

Kannanir og talningar úr lofti

Alls voru 3414 km af strönd kannaðir úr flugvél. Athuganir úr lofti voru notaðar til þess að meta gerð strandar og hvort straumönd kæmi þar fyrir, einkum á stöðum þar sem óhægt var að ferðast landleiðina að vetrinum: á utanverðum Mýrum, á Breiðafirði, á norðanverðum Vestfjörðum, yst við Eyjafjörð, á Norðausturlandi og sums staðar á norðanverðum Austfjörðum. Þessar athuganir eru nýttar hér eingöngu til að meta útbreiðslu straumandar og fjölda á afskekktum og erfiðum stöðum og styrkja því mat á heildarfjöldanum, enda þótt þær séu ekki notaðar beinlínis í útreikningum sem eru eingöngu byggðir á talningum af landi, svo sem áður segir.

Tveggja hreyfla háþekja af gerðinni Cessna 337 Skymaster, búin hálfkúlulaga útsýnisluggum á báðum hliðum, var notuð til talninga úr lofti. Flughæð var yfirleitt um 300 fet (90 m) yfir sjónum, en stöku sinnum var flogið lægra. Athugendur voru tveir, hvor á sitt borð, en þriðji maður skráði allar athuganir jafnóðum á eyðublöð. Alls tóku kannanir úr lofti um 21 klst, en auk þess fóru um 10 klst í að komast fram og til baka. Til frekari glöggvunar fylgir hér yfirlit yfir kannanir úr lofti:

Reykjanesskagi utanverður, 8. nóvember 2000. Ströndinni fylgt frá Þorlákshöfn að Garðskaga.

Faxaflói og Breiðafjörður. Hinn 27. mars 1999 var farið frá Álftanesi á Mýrum inn fyrir Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi. Þaðan um eyjar á utanverðum Breiðafirði, allt út í Höskuldsey, Flateyjarlönd og Sauðeyjar, norður undir Skarð, um eyjar úti af Skarðströnd, Vatnsfjörð og Hjarðarnes. Hinn 1. apríl 1999 var farið um Hvammsfjörð, Skáleyjar og ströndina frá Skálmarnesi inn fyrir Reykhóla.

Vestfirðir og Strandir. Hinn 16. nóvember 1999 var farið um ströndina frá Selskerjum á Barðaströnd að Eyri í Ísafirði, en innstu hlutum fjarða og fjarðarbotnum yfirleitt sleppt, svo og

nokkrum núpum þar sem ókyrrð var í lofti eða sérlega mikið af fýl *Fulmarus glacialis*. Hinn 1. apríl 2000 var ströndinni fylgt frá Laugabóli við Ísafjörð að Kolbeinsá við mynni Hrútafjarðar.

Norðurland, 7. nóvember 2000. Ströndin þrædd frá Hegranesi í Skagafirði að Hauganesi vestan Eyjafjarðar, þaðan austur yfir, um Hrísey og Höfðahverfi, út Látraströnd, um Flatey, Skjálfanda og Tjörnes að Fjallahöfn, frá Buðlungahöfn fyrir Melrakkaslétu og að Þórshöfn. Þaðan var farið þvert yfir Langanes og strönd fylgt frá Fossá austan við Gunnólfsvík að Viðvíkurbjörgum austan Bakkafjarðar.

Suðausturland og norðanverðir Austfirðir, 17. mars 2001. Flogið meðfram ströndinni frá Stokksnesi í Papey. Þar var horfið frá vegna þoku en byrjað aftur við Útstekk norðan Reyðarfjarðar og flogið að Landsenda við Vöðlavík. Enn var þoka og eljaveður til trafala, en þó var könnuð ströndin frá Brekku í Mjóafirði að Eyrum í Seyðisfirði. Frá Selstöðum í Seyðisfirði var ströndinni fylgt alla leið að ósi Selfljóts austan við Héraðssand, og frá Móvíkum vestan Héraðsflóa að Viðvík austan Bakkafjarðar.

Aðrar upplýsingar

Margs konar upplýsingar um hreyfingar, fjölda og útbreiðslu straumandar komu að notum við undirbúning þessarar rannsóknar og til þess að fylla í eyður. Finnur Guðmundsson (1971) notaði vetrarfuglatalningar Náttúrufræðistofnunar Íslands (sjá einnig Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989, 1991, 1993) til þess að gefa til kynna vetrarútbreiðslu straumandar, en við höfum nýtt þessi gögn óbeint til þess að meta fjölda hennar í Vestmannaeyjum. Vetrartalningar áhugamanna 11. mars 1973 og 29. janúar 1978 sem, til viðbótar talningum um jól, náðu yfir mestalla strandlengju Suðvesturlands, frá Þjórsárósi að Borgarfirði, alls 550 km, sýna vel útbreiðslu og fjölda á þessu landshorni.

Ekki þótti ástæða til þess að kanna suðurströnd landsins (frá Hamarsfirði að Stokkseyri) sérstaklega, en allmikið er þó til af athugunum sem sýna að þar eru ekki straumendur að vetrinum. Hið sama á við um Grímsey. Athuganir á nokkrum annesjum gætu verið misvísandi vegna vondra

skilyrða, og á þetta sérstaklega við um ystu núpa Vestfjarðakjálkans. Á Norðausturlandi eru athuganir fremur fáar og strjalar og þar gætu sums staðar leynst straumendur þótt ekki myndist í þessari könnun, t.d. austan á Sléttu og milli Bakkaflóa og Vopnafjarðar. Engar upplýsingar eru til um Langanes, utan Þórshafnar og Gunnólfsvíkurfjalls, en á þessum hluta Langaness eru víðast hvar opnar hnallungafjörur eða sjávarbjörg og varla skilyrði fyrir straumönd nema á sunnanverðu nesinu, milli Kumbla-víkur og Fagraness.

Flokkun strandlengjunnar

Lengd strandar var mæld af Herforingjaráðskortunum (mælikvarði 1:100 000) og var það gert í forritinu SigmaScan. Strandlengjan var greind í búsvæði. Fjallað er um þéttleika með tilliti til búsvæða annars staðar (Arnþór Garðarsson 2002).

Alþekkt er að straumendur eru á veturna meðfram grýttum útkjálkum og útfjarða, en koma ekki fyrir innfjarða og ekki þar sem botn er mjúkur (leir eða leðja), auk þess sem þær eru ekki við opnar sand- eða malarstrendur. Mikið af strandlengju landsins hentar ekki straumönd og einfalt er að meta það út frá því hvort straumendur sjást þar eða ekki. Það er oft vel þekkt af staðkunnugum, en víða vantar slíkar upplýsingar og þar koma kannanir úr lofti að verulegum notum. Gerð undirlags, öldufang (á ensku: *fetch*) og fjarlægð inn frá fjarðarmynni hafa áhrif á dreifingu og þéttleika straumandar og nýtast einnig til þess að skipta ströndinni í tvo flokka: með straumönd og án straumandar. Sú skipting er aftur undirstaða þess að meta stofnstærðina. Til nánari glöggvunar um tvískipta flokkun strandlengjunnar er hún sýnd hér á eftir fyrir vestanvert landið, Norðurland og Austfirði (2. mynd).

Á stöðum þar sem ekki lágu fyrir beinar athuganir var stuðst við eftirfarandi einkenni strandarinnar til þess að skipta henni í tvennt. *Gerð undirlags*: björg; klappa-strendur; brimasamar sand-, malar- eða hnallungafjörur, með eða án fastra kletta

eða klappa; skýldar blandaðar strendur; skýldar strendur með mjúkum botni. *Öldufang*: summa fjarlægða á stefnum 22,5°-360° með 22,5° millibili frá stað að næstu strönd, fjarlægðir yfir 100 km voru teknar sem 100 km. *Fjarðarmynnisstuðull*: fjarlægð staðar inn frá mynni fjarðar eða flóa deild með breidd fjarðarmynnis. Þessi stuðull er skyldur fjarðarstuðli Hansens og Agnars Ingólfssonar (1993).





Fleiri atriði voru könnuð, en komu ekki að tilætlunum notum. *Halli botns*: áætlaður af sjókortum þar sem fjarlægð milli dýptarlína er yfirleitt 20 m. *Hitastig*: meðallágmarkshiti úti af ströndinni á árabílinu 1949-1966. Sjávarhiti á veturna er víðast hvar kringum 6°C úti af Suður- og Vesturlandi, en um 2°C norðan og austan við land (Unnsteinn Stefánsson 1969). *Sjávarföll* eru sem kunnugt er breytileg kringum landið. Við Suður- og Vesturland er mestur munur flóðs og fjöru, um 4 m við Faxaflóa og 4,5 m við Breiðafjörð, við Vestfirði er munurinn um 2 m, en við Norður- og Austurland er hann minnstur, um 1,5 m.

Niðurstöður

Talningar á einstökum svæðum

Niðurstöður og túlkanir talninga eru teknar saman í 1. töflu. Til þess að lýsa nánar dreifingu straumandar var ströndinni skipt í 18 svæði, með hliðsjón af gerð, útbreiðslu straumandar og þeirri aðferð sem notuð var til þess að meta fjöldann. Mörk svæðanna eru tilgreind í töflunni.

Suðurströndin (svæði 1). Frá Hamarsfirði að Ölfusárós, eru aðallega opnar sandfjörur og sandbotn. Austast, milli Hamarsfjarðar og Stokksness, eru þó allvíða stakir klettur og sker. Vestast, frá Loftstöðum í Flóa vestur fyrir Ölfusárós, nær Þjórsárhraun í sjó fram og eru þar breiðar klapparfjörur vaxnar þangi, en mjög aðdjúpt er út af hraunkantinum. Sjávarbjörg og klappir eru einnig í Vestmannaeyjum. Suðurströndin er svo til straumandalas. Við Stokkseyri sjást þær stöku sinnum að vetrinum. Undir Hvalnesskriðum og við



2. mynd. Áætluð útbreiðsla straumandar (breið, rauð lína) að vetrinum: 1. Vesturland. 2. Norðurland. 3. Austfirðir. – The coast of Iceland, showing parts where wintering Harlequin Ducks occur or probably occur (thick red line).

Dyrhólaey hafa straumendur sést að sumarlagi og smáhópar hafa einnig sést við Eyrarbakka að vorinu. Kringum Heimaey í Vestmannaeyjum sjást straumendur jafnan í vetrarfuglatalningum Náttúrfræðistofnunar og má ætla að þær skipti nokkrum tugum þar. Alls virðast 12 km af strandlengju Heimaeyjar (norðan við Ystaklett–Klifið, Dalfjall–Ofanleitishamar, Stakkabót) hafa straumönd. Ef þéttleikinn er svipaður þar og við Reykjanesskaga, 5 á km, væri fjöldinn um 60.

Reykjanesskagi (svæði 2). Utanverður skaginn, frá Þorlákshöfn að Stafnesi, einkennist af hraunum. Þar eru bæði þverhnípt björg og lágar klappir, og á nokkrum stöðum eru sandvíkur. Út með Miðnesi eru blandaðar og allsendnar fjörur sem ná inn fyrir Garðskaga. Straumendur eru víða við utanverðan Reykjanesskaga þar sem ströndin er lág eða klappir neðan sjávarmáls (2. mynd). Alls er áætlað að straumendur séu á 75 km þessa svæðis og voru 55 km kannaðir dagana 14. janúar til 9. febrúar 1999. Þá fundust 283 straumendur eða 5,15 á km, og er heildarfjöldinn því áætlaður 386 (283x75/55).

Samanburður við níu vetrartalningar á Reykjanesskaga veturna 1972–1978 (óbirtar skýrslur) bendir til þess að fjöldinn hafi lítið breyst síðan þá. Staðirnir sem hér um ræðir eru alls fjórir (sbr. Viðauka): Grindavík að austan og vestan, Hafnir, og Stafnes–Sandgerði. Þar voru taldar að meðaltali 252 (bil: 150–347) straumendur veturna 1972–1978 en alls 225 í janúar 1999.

Við *sunnanverðan Faxaflóa* (svæði 3) skiptast á blandaðar fjörur og björg frá Garðskaga að Vogum á Vatnsleysuströnd en þaðan í Hafnarfjörð eru hraun. Blandaðar fjörur eru á Álftanesi og Seltjarnarnesi en klappafjörur víða við Kollafjörð og utanverðan Hvalfjörð. Straumendur sjást yfirleitt ekki á kaflanum frá Sandgerði inn fyrir Seltjarnarnes, en eru algengar kringum Kjalarnes og Skipaskaga (2. mynd). Svæðið var talið 5. febrúar 2000 og voru þá kannaðir 45 km af 54 km sem til greina komu. Fjöldi straumandar var 280, eða 6,2

á km, og fjöldinn á svæðinu samkvæmt því 336.

Norðanverður Faxaflói (svæði 4). Frá Borgarfirði vestur á Snæfellsnes eru aðallega lágar sandstrendur en klapparif eru víða, utar taka svo við brattar og þverhníptar hraunstrendur. Strandlengja Mýrasýslu og Hnappadalssýslu liggur lágt og ystu hlutar hennar víðast hvar fjarri vegum og því ekki auðveldir til skoðunar af landi að vetrinum. Ysti hluti Snæfellsness er aðgengilegri, en hefur enn ekki verið kannaður sem skyldi af landi. Hér er eingöngu stuðst við könnun úr flugi í mars 1999. Straumendur sáust víða við sker og ystu nes, frá Skáley utan við Straumfjörð, um Knarrarnes, Hjörsey, Traðir, Vog, Hvalseyjar, Akranes og Hítarnes. Þær voru hér og þar út með Snæfellsnesi, þar sem ströndin er grýtt, frá Krossum út fyrir Búðir; og frá Arnarstapa út á Öndverðanes. Samtals sáust 347 straumendur og má ætla að það séu 33% (1940/5874, sbr. 1. tafla) af öllum straumöndum á þessu svæði. Heildartalan er því áætluð 1051.

Sunnanverður Breiðafjörður (svæði 5). Blandaðar fjörur eru um sunnanverðan Breiðafjörð og víðáttumikil klapparif utanvert við Grundarfjörð og Urthvalafjörð. Þegar innar dregur er skýlt og víða leirbotn og þari á grunnslóð. Á norðurströnd Snæfellsness er víða auðvelt að komast niður að ströndinni, annars staðar er þetta erfiðara, sérstaklega í eyjunum. Alls má ætla að 156 km hæfi straumönd á þessu svæði, en þeir 32 km sem kannaðir voru af landi 27. febrúar 1999 eru allir á norðanverðu Snæfellsnesi og þéttleikinn er þar víða hár (að meðaltali 9,3 á km). Áætlaður fjöldi á sunnanverðum Breiðafirði er 1453 samkvæmt talningu af landi (1. tafla). Flugtalningar í mars og apríl 1999 bentu til þess að þéttleikinn annars staðar við Breiðafjörð væri minni, en alls sáust 304 straumendur úr lofti þessa daga, sem svarar til 912 á svæðinu.

Norðanverður Breiðafjörður (svæði 6). Innanvert á firðinum er leirbotn og víðáttumiklir þaraflákar. Þegar kemur út fyrir

Skáleyjar og Vatnsfjörð, skiptast mest á klappir, þverhnipt björg og skeljasandur. Svæðið hefur mjög lítið verið kannað af landi og hér er eingöngu byggt á flugtalningum í mars og apríl 1999. Alls fundust 57 straumendur, aðallega í Flat-eyjarlöndum og Sauðeyjum, en einnig á nokkrum stöðum undir Sigluneshlíðum og Látrabjargi. Heildarfjöldinn er áætlaður 173.

Vesturhluti Vestfjarða (svæði 7). Á ströndinni skiptast víðast á grýttar fjörur, björg og skeljasandsvíkur. Nokkrir staðir (alls 33 km af 95 km sem gætu nýst straumönd) voru kannaðir af landi 15. nóvember 2001: suðurhluti Patreksfjarðar, frá Hænuvík inn í botn, og suðurhluti Arnarfjarðar, frá Selárdal í Trostanfjörð. Alls sáust 192 straumendur, eða 5,8 á km, en mestur þéttleiki var yst við Arnarfjörð, 9,4 á km frá Kirkjubólstöngum að Melstöðum. Í nóvember 1999 sáust 112 straumendur úr lofti og voru þær meðfram öllum nesjum frá Bjargtöngum að Langanesi í Arnarfirði. Heildarfjöldinn á svæðinu er áætlaður með hliðsjón af landtalningunni, 553.

Vestfirðir (svæði 8, 9 og 10). Klappir og blandaður botn setja svip á Vestfirði en við ysta haf eru björg, hnallungafjörur og nokkrar sandvíkur.

Miðbik Vestfjarða (svæði 8) var talið á landi 14. nóvember 2001, á einum stað í Önundarfirði og þremur stöðum í Dýrafirði, alls á 16 km af 73 nothæfum. Alls sáust 284 straumendur og þéttleikinn var því mjög mikill, eða 17,8 á km. Þessi mikli þéttleiki kemur ekki fram í könnun úr lofti í nóvember 1999 en þá fundust 195 straumendur. Heildarfjöldinn er áætlaður út frá landtalningunni, 1296.

Suðurhluti Ísafjarðardjúps (svæði 9) er skilgreindur hér sem strandlengjan frá Sauðanesi, norðan Önundarfjarðar, í botn Ísafjarðar. Þjóðvegurinn fylgir víðast hvar ströndinni við sunnanvert Djúpið og var talið þar af landi 13. nóvember 2001, á samtals 50 af 71 nothæfum km. Alls sáust 156 straumendur eða 2,8 á km. Þéttleikinn

var mestur yst, 11-12 á km, við Arnarnes og Óshlíð. Strjálíngur af straumönd sást við nesin allt inn í mynni Mjóafjarðar en þéttleikinn var mun minni, um 1,7 á km. Alls sáust 169 straumendur úr lofti í nóvember 1999, þó engar frá Sauðanesi að Stigahlíð, og kann það að stafa af erfiðum skilyrðum til talninga, en fyrir innan Bolungarvík voru skilyrði hins vegar mjög góð, spegilsléttur sjór og engin há fjöll. Heildartalan, 222, er reiknuð út frá landtalningunni 13. nóvember 2001.

Nokkrum sinnum hefur verið talið á ströndinni frá Skarðseyri austan Skötufjarðar inn í mynni Mjóafjarðar, móts við Hrútey, sem er alls 37 km leið: Talið var úr lofti 16. nóvember 1999 og voru 69 straumendur skráðar, og aftur 1. apríl 2000 en þá sáust 63. Af landi var talið 5. apríl 2000 og sáust 149 straumendur, og aftur 13. nóvember 2001, en þá voru þær 58.

Norðurhluti Ísafjarðardjúps (svæði 10) er hér strandlengjan frá botni Ísafjarðar að Straumnesi norðan við Aðalvík. Engar athuganir voru gerðar á jörðu, en svæðið var kannað úr lofti í apríl 2000. Þá fundust 339 straumendur og er heildartalan, 1027, áætluð samkvæmt því. Langmest sást af straumönd, 138 alls, milli Staðarhlíðar og Leirufjarðar, en þar eru miklar grynningar. Aðrir helstu staðir voru Æðey og nágrenni, Grunnavík, Veiðileysufjörður að utan og báðum megin við Aðalvík.

Strandir (svæði 11), frá Straumnesi í Hrútafjarðarbotn. Þegar kemur út fyrir Straumnes eru firðir stuttir og opnir fyrir hafinu og þetta á einnig við strönd Húnaflóa. Við norðanverðar Strandir (svæði 11) eru víða rif og grynningar en syðst eru skýldir firðir (Steingrímsfjörður–Hrútafjörður). Strandir voru kannaðar úr lofti í apríl 2000 og fundust alls 407 straumendur. Mjög fáar og dreifðar straumendur (alls 20) sáust á Hornströndum norðan Dranga. Í nágrenni Dranga sáust um 80, rúmlega 50 utan við Ófeigsfjörð, 35 við Gjögur, rúmlega 50 sunnan við Veiðileysufjörð, um 40 frá Bjarnarfirði syðri að Drangnesi, 20 við Grímsey á Steingrímsfirði og rúmlega

30 undir Ennishöfða að austan. Syðsti hluti Stranda, sunnan Bala, hefur nokkuð verið skoðaður af landi að vetri til, en suðurmörk straumandar eru nálægt Kolbeinsá við mynni Hrutafjarðar. Aðeins 20 km af 411 nothæfum voru taldir af landi 26. febrúar 1999 og fundust þar 118 straumendur, eða 5,9 á km, sem er nokkuð undir landsmeðaltali, og er heildarfjöldinn á Ströndum áætlaður samkvæmt því 2425 (sbr. 1. töflu). Sé miðað við flugtalningu fæst helmingi lægri tala, 1239.

Hrutafjörður-Skagi (svæði 12), frá Hrutafjarðarbotni að Austari Héraðsvötnum. Ströndin er yfirleitt fremur lág og lítið vogskorin. Þar er sandur innfjarða en klappir og blandaðar fjörur á skögunum. Svæðið fyrir Vatnsnes og Skaga er fremur vel skoðað af landi, 71 km af 105 km þar sem líklega eru straumendur. Talið var af landi á mestöllu svæðinu 5. mars 1999, nema vestan á utanverðum Skaga (Bakki-Tjarnarland) þar sem notuð er talning frá 14. mars 2001. Upplýsingar um straumendur á Heggstaðanesi eru frá Þorvaldi Björnsyni. Þéttleiki var hvarvetna mikill, að meðaltali 10 straumendur á km. Alls sáust 708 straumendur og áætlaður fjöldi er 1047. Ekki var talið úr lofti.

Skagafjörður að austan (svæði 13), frá Austari Héraðsvötnum í Siglufjörð. Strönd Skagafjarðar að austan er áþekkt því sem lýst er fyrir svæði 12 og víða hægt að kanna það frá vegi. Skagafjörður var kannaður af landi dagana 4. til 5. mars 1999. Straumendur voru mjög víða frá Hofsósi og út í Siglufjörð og voru þær taldar á 26 km af 40 líklegum. Alls fundust 350 straumendur, eða 13,5 á km og var fjöldinn samkvæmt því 538. Svæðið var auk þess kannað úr lofti í nóvember 2000 og fundust þá 318 straumendur, þar af 80 frá Hofsósi að Þórðarhöfða, 87 frá Straumnesi að Miklavatni, og 151 frá Hrauni í Siglufjörð.

Miðbik Norðurlands (svæði 14), frá Siglufirði að Skjálfanda, er fremur lítið kannað af landi, enda fátt um vegi á útkjálkum og snjóþungt. Á þessu svæði skiptast á firðir og skagar og víðast hvar

eru grýttar fjörur. Af 133 km nothæfum voru aðeins 13 km skoðaðir, við Ólafsfjörð og Dalvík dagana 24. janúar 1999 og 1. apríl 2001. Þar töldust 108 straumendur eða 8,3 á km sem bendir til heildarfjölda 1105. Svæðið var kannað úr lofti í nóvember 2000 og fundust þá 329 straumendur, 50 þeirra í nánd við Siglunes. Vestan Eyjafjarðar var strjálíngur af straumönd (um 60) allt inn undir Hauganes, við Hrísey sáust 85, flestar að vestanverðu. Grímsey var ekki könnuð, en þar virðist straumönd ekki halda sig og staðfesti Bjarni Magnússon hreppstjóri það. Austan Eyjafjarðar sáust straumendur innst við Steindyr á Látraströnd, en þaðan út fyrir Látur sáust rúmlega 70 straumendur. Í Fjörðum og við Flatey var strjálíngur af straumönd (alls um 60), en þær sáust ekki lengra austur en að Víkurhöfða. Sigurður Gunnarsson og Jónbjörn Pálsson (1988) geta um straumendur að vetri til á Rauðavík, Skálavík og í Purkárósi vestan við Skjálfanda.

Tjörnes (svæði 15). Frá ósi Laxár að Fjallahöfn við Lón í Kelduhverfi eru blandaðar fjörur og víða klappir. Svæðið er fremur aðgengilegt af landi og afar mikilvægt fyrir straumönd. Tjörnes var talið af landi dagana 22. og 28. janúar 1999 og náðu talningar til 24 af 38 km strandlengju sem virðist nothæf fyrir straumendur. Alls sáust 390 straumendur, eða 16,3 á km sem gefur heildarfjöldann 618. Langmest var af straumönd á bilinu frá Höfðagerði í Breiðuvík, 328 alls. Við könnun úr lofti í nóvember 2000 fundust rúmlega 300 straumendur, allar vestan á Tjörnesi, frá Laxárósi að Mánárbakka.

Norð austurland (svæði 16). Ströndin frá Kelduhverfi austur fyrir Héraðssand er mest lítt vogskorin og þar eru víða sandfjörur og hnallungafjörur. Öll þessi strandlengja er hér tekin saman sem eitt svæði. Talið var af landi dagana 23. til 27. janúar 1999 á nokkrum stöðum frá Melrakkaslétu austur á Langanes, við Bakkaflóa og í Vopnafirði. Að auki var talið á vestanverðri Melrakkaslétu, að undanskildum Snartarstaðanúp, 8. apríl 2001 (Guðmundur Örn Benedikts-



Straunandarsteggir í biðilsleik á Laxá í Mývatnssveit. – Jóhann Óli Hilmarsson.



Straumandarkolla á Laxá í Mývatnssveit. – Árni Einarsson.

son) og er sú talning notuð hér, í stað talningar frá janúar 1999. Straumendur voru yfirleitt fremur fáar og strjalar á þessu svæði. Alls sáust 193 fuglar á 50 km sem kannaðir voru af landi, eða tæplega 4 á km, landtalningin gefur því 764 straumendur á svæðinu. Mikill hluti (180 af 258 km, mestöllu Langanesi sleppt) strandlengjunnar var kannaður úr lofti og þá sáust alls 237 straumendur.

Austfirðir (svæði 17 og 18) virðast fremur einsleitir, firðir með mjúkum botni innst en klöppum yst, en er skipt hér í tvennt eftir aðgengi, því að vegir fylgja ströndinni að mestu sunnan Eskifjarðar en vantar að miklu leyti þegar norðar dregur.

Norðanverðir Austfirðir (svæði 17). Nokkrir bútar, alls 59 km af 85 líklegum, voru kannaðir af jörðu niðri. Hinn 20. mars 2001 var farið sjóleiðina um Norðfjarðarfloa og Mjóafjörð, og 21. mars landleið um Njarðvík og Borgarfjörð eystra. Vöðlavík sunnan Gerpis var könnuð 26. desember 2001. Straumendur fundust á öllum þessum stöðum (sbr. Viðauka) en hvergi mikið, alls 273, eða að meðaltali 4,6 á km, sem gerir 393 á öllu svæðinu. Mestallt svæðið var kannað úr lofti 17. mars 2001 og fundust þá 135 straumendur, sem er í góðu samræmi við talningar af landi.

Sunnanverðir Austfirðir (svæði 18). Viðast hvar frá Reyðarfirði suður um að mynni Hamarsfjarðar eru vegir nálægt sjó. Alls voru kannaðir 99 km, af 139 sem til greina komu, og fundust 504 straumendur, eða 5,1 á km, en heildartalan á svæðinu er áætluð 708. Fjöldinn var mestur á Berufjarðarströnd, frá Streitishvarfi að Berunesi, en þar sáust alls 228 fuglar á 22,5 km, eða 10,1 á km.

Skipting eftir kynjum og aldri

Í heild skiptust kynin þannig að 41% voru kvenfuglar (fullorðnir og ungir) en 59% fullorðnir steggir (2. tafla). Kynjahlutföll voru svipuð um mestallt landið, um 43% kvenfuglar, en Suðvesturland sker sig marktækt úr með aðeins 36% kvenfugla ($\chi^2 = 8,61$, $P < 0,01$). Hlutfall steggja á

fyrsta ári var 9% yfir allt landið (2. tafla), en Austfirðir skáru sig þó marktækt úr með 5% ungfugla ($\chi^2 = 12,49$, $P < 0,001$).

Heildarfjöldi

Fjöldi að vetrarlagi ætti að gefa til kynna lágmark fyrir stærð íslenska straumandarstofnsins. Áætlaður fjöldi var 14000 með 95% vikmörk 12000-16000. Matið er byggt á tölum í Viðauka og vikmörk þrengd með hliðsjón af yfirferð (594 af 1984 notuðum km). Sé það ekki gert fást nokkuð víðari vikmörk, 11000-17000. Einnig er hægt að meta fjöldann með því að vega niðurstöður eftir svæðum og taka leiðréttar flugtalningar inn á svæðum þar sem ekki var talið nægilega af landi. Þetta er gert í 1. töflu og gefur nokkurn veginn sömu niðurstöðu, um 14000. Þó eru augljósir annmarkar á því að meta allar flugtalningar jafngildar og sömuleiðis er fjöldi í sumum landshlutum, t.d. Strandasýslu, áætlaður út frá mjög takmörkuðu úrtaki.

Umræða

Landtalningar

Eins og hér hefur komið fram, eru talningar á jörðu niðri sú aðferð sem reynist best til þess að áætla fjölda, dreifingu og stofnsamsetningu straumandar. Vandinn við að nota þessa aðferð er nokkur og þar vegur aðgengi þungt. Við hugsuðum þessa könnun sem eins konar frumathugun á því hvernig ætti að telja straumendur og draga ályktanir um fjölda þeirra og útbreiðslu. Um leið er myndaður grunnur gagna sem hægt er að endurtaka, ekki aðeins á landsmælikvarða, heldur einnig staðbundið. Mikið verk er óunnið að ganga eða sigla meðfram ströndinni og telja straumendur að vetrarlagi. Þetta gætu áhugamenn auðveldlega framkvæmt og stórbætt þannig þekkinguna á þeim þrúða fugli straumöndinni.

Kannanir úr lofti

Fremur erfitt er að finna straumendur úr lofti og ber þar margt til: Straumendur eru

2. tafla. Hlutföll kynja og aldurs meðal straumanda á útmánuðum, sýnd sem hlutdeild kvenfugla af summu kvenfugla + fullorðinna steggja og hlutdeild ungra steggja af steggjum. – *Sex and age distribution of Harlequin Duck in late winter (January-March), shown as proportion of females in females + adult males and as proportion of juveniles among males.*

Svæði – Area	Ár Year	Kvenfuglar – Females			Ungir steggir – Young males		
		hlutdeild proportion	95% vikmörk 95% CL	n	hlutdeild proportion	95% vikmörk 95% CL	n
Suðvesturland (svæði 2, 3, 5)	1999	0,37	(0,33-0,41)	491	0,05	(0,03-0,07)	326
	2000	0,35	(0,29-0,41)	248	0,17	(0,11-0,22)	193
	alls	0,36	(0,33-0,40)	739	0,09	(0,07-0,12)	519
Norðurland vestra (svæði 11-14)	1999	0,42	(0,38-0,46)	676	0,12	(0,09-0,14)	443
	2001	0,40	(0,33-0,46)	202	0,10	(0,05-0,15)	135
	alls	0,41	(0,38-0,45)	878	0,11	(0,09-0,14)	578
Norðausturland (svæði 15, 16)	1999	0,43	(0,39-0,48)	458	0,13	(0,09-0,17)	298
Austfirðir (svæði 17, 18)	1999	0,44	(0,39-0,48)	449	0,04	(0,02-0,07)	263
	2001	0,43	(0,36-0,50)	183	0,05	(0,01-0,10)	110
	alls	0,44	(0,40-0,48)	632	0,05	(0,02-0,07)	373
Allt landið		0,41	(0,39-0,43)	2707	0,09	(0,08-0,11)	1768

litlar og dökkleitar og því ekki áberandi. Þær eru oftast þétt upp við flæðarmálið þar sem öldurót getur verið mikið. Þær eru mjög á verði gagnvart flugvélum, sennilega vegna þess að þær þurfa að forðast aðsókn ránfugla, og hnappa sig oft þegar flugvél nálgast, en kafa síðan og fljúga út fyrir, meðan flugvélin fer yfir. Að auki eru skilyrði til láglugs oftast erfið við strendur þar sem há fjöll ganga fram í sjó, og koma þar til bæði erfiðir vindar og mikil umferð fýls.

Í heild sáust aðeins 33% straumanda úr lofti miðað við áætlanir byggðar á landtalin-
ingum á sömu svæðum. Þessi munur var mest áberandi á erfiðustu stöðunum, undir háum fjöllum á utanverðum Vestfjörðum (15-20% séðar úr lofti) en minnstur við austanverðan Skagafjörð (79%) og Tjörnes (49%).

Túlkun talninga

Sem fyrr segir, er óvarlegt að gera ekki ráð fyrir að eitthvað af straumönd fari úr landi til vetursetu, og tölur sem fást hér að vetrinum ættu samkvæmt því að vera

lágmarksfjöldi fremur en allur íslenski stofninn. Beinar visbendingar um ferðir íslenskra straumanda eru ekki margar. Á 75 ára tímabili, 1921-1995, voru alls 120 straumendur (94 ungar og 26 fullvaxnar) merktar hér á landi (Ævar Petersen & Guðmundur A. Guðmundsson 1998). Endurheimtur utan merkingarstaðar voru fáar (Finnur Guðmundsson 1971), en tveir fuglar merktir sem ungar í Haga í Aðaldal komu fram á vetrarstöðvum innan árs, annar á Siglufirði (91 km vestnorðvestur frá merkingarstað) hinn á Akranesi (285 km suðvestur, en 600 km sé ströndinni fylgt vestur um) og einn fannst dauður í Veiðileysu á Ströndum (195 km vestur) á þriðja ári frá merkingu. Straumendur fara því langar leiðir hér innanlands, þótt merktir fuglar hafi ekki komið fram erlendis. Straumönd er flækingur víða á meginlandi N-Evrópu og gætu þeir fuglar vel verið af íslenskum uppruna (fremur en komnir austan úr Síberíu eins og Finnur Guðmundsson stakk upp á 1971). Ef veruleg brögd væru að ferðum straumandar héðan af landi vestur um haf, mætti búast við að

slíkt gæti komið fram í breytileika á hlutföllum kynja eða aldurs hópa. Samanburður á hlutföllum bendir varla til þessa.

Hlutfall ungra steggja hér við land er líkt því sem menn hafa komist að við strendur N-Ameríku að vetrarlagi, t.d. 6,8% við Bresku Kólumbíu (Smith o.fl. 2001). Hlutfall kynja sem fékkst í þessari athugun er líka svipað niðurstöðum á vetrarslóðum í Ameríku (Campbell o.fl. 1990) og er einnig í samræmi við hlutfallið á Laxá í S-Þingeyjarsýslu (Arnþór Garðarsson & Árni Einarsson 1994). Algengt er að meta fjölda varpfugla sem fjölda para, og hægt er að spreyta sig á að túlka þessar niðurstöður á hefðbundinn hátt. Ekki liggur fyrir hvort straumandarstofninn er eitthvað stærri en hér er metið, og verður því að miða við töluna 14000 uns annað sannast. Af þeim eru, samkvæmt hlutföllum í 2. töflu, 7800 fullorðnir steggir, 800 ungir steggir og 5400 kvenfuglar. Sé gert ráð fyrir að kvenfuglar á fyrsta ári séu jafnmargir og steggir á fyrsta ári, verða eftir 4600 fullorðnir kvenfuglar. Talan 4600 er þó á hærri kantinum fyrir varpfugla, sem gætu byrjað að verpa þriggja ára fremur en tveggja ára. Sé gert ráð fyrir að meðalkvenfuglinn hefji varp þriggja ára, gæti látið nærri að fjöldi fullorðinna kvenfugla í stofninum sé um 4000. Að teknu tilliti til 95% vikmarka virðist hóflegt að áætla fjölda fullorðinna straumandarkvenfugla (para) á bilinu 3000-5000, sem svarar til 3-5 kvenfugla á hverja 100 km² lands (vatnasviðs).

Stofnvernd

Eins og hér er rakið, er straumönd afar útbreidd fyrir opnu hafi og útfjarða meðfram allri strandlengjunni frá Reykjanesskaga norður og austur um að Hamarsfirði. Hún heldur sig á klettóttum ströndum en forðast sand og leir og er ekki innfjarða. Alls eru straumendur á þriðjungi allrar strandlengju Íslands, á 1984 af 6059 km. Dreifingin er mikil og óvíða er hægt að segja að straumönd þéttist að neinu ráði, t.d. þannig að tala megi um staði með alþjóðlegt mikilvægi (meira en 1% af viðkomandi stofni).

Vernd íslenska straumandarstofnsins hlýtur því að miðast að mestu við almennar aðgerðir, einkum fyrirbyggjandi aðgerðir, svo sem mengunarvarnir og skynsamlega meðferð strandarinnar, svo og vatnakerfa.

Engu að siður teljum við rétt að benda hér á nokkra mikilvægustu staðina fyrir straumönd að vetri til, sem samkvæmt skilgreiningu teljast hafa alþjóðlegt gildi. Þau eru: Hafnir á Reykjanesskaga, Kjalar-nes, strönd Eyrarsveitar á Snæfellsnesi, utanverður Dýrafjörður, Höfðaströnd í Grunnavík, nágrenni Kálfshamarsvíkur á Skaga, ströndin frá Fljótavík að Siglufirði, Tjörnes að vestan og utanverð Berufjarðarströnd. Frekari kannanir eiga eflaust eftir að leiða í ljós fleiri slíka staði, einkum á Vestfjarðakjálkanum.

ÞAKKIR

Við þökkum Böðvari Þórisssyni, Eysteini Gunnarsyni, Haraldi R. Ingvasyni, Jóni E. Jónssyni, Rán Þórarinsdóttur, Tómasi G. Gunnarssyni og Yann Kolbeinssyni fyrir aðstoð við talningar. Auðunn Haraldsson, Bjarni Magnússon, Björn Hjaltason, Guðmundur Örn Benediktsson, Kristinn H. Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen, Þorvaldur Björnsson og Ævar Petersen veittu mikilvægar upplýsingar um vetursetu straumandar. Úlfar Henningsson lagði sig í líma við að fljúga með könnuði um afskekktar og hættulegar strendur. Agnar Ingólfsson, Árni Einarsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Lovísa Ásbjörnsdóttir og Svend-Aage Malmberg lögðu til hugmyndir og jusu af þekkingu sinni og færni. Kristján Lillendahl las yfir handrit og færði margt til betri vegar. Könnunin naut styrks úr Rannsóknasjóði háskólans.

HEIMILDIR

- Arnþór Garðarsson 2002. The geographic dispersion and abundance of Harlequin Ducks wintering in Iceland. – Bls. 233-237 í: D. Chamberlain & A. Wilson (ritstj.) Avian Landscape Ecology Proceedings, International Association for Landscape Ecology (UK Region) Conference, University of East Anglia, Norwich.
- Arnþór Garðarsson & Árni Einarsson 1994. Responses of breeding duck populations to changes in food supply. – *Hydrobiologia* 279/280: 15-27.
- Arnþór Garðarsson & Þorkell Lindberg Þórarinsson 2003. Veturseta straumandar á Suðvesturlandi. – *Bliki* 23: 1-3.
- Campbell, R.W., N.K. Dawe, I. McTaggart-Cowan, J.M. Cooper, G.W. Kaiser & M.C. McNall 1990. The birds of British Columbia 1. – Royal British Columbia Museum, Victoria, B.C. 518 bls.

- Caughley, G. & A.R.E. Sinclair 1994. Wildlife ecology and management. – Blackwell, Oxford. 334 bls.
- Cramp, S. & K.E.L. Simmons (ritstj.) 1977. The Birds of the Western Palearctic 1. – Oxford University Press, Oxford. 722 bls.
- Finnur Guðmundsson 1971. Straumendur á Íslandi. – Náttúrufræðingurinn 41: 1-28, 64-97.
- Hansen, J.R. & Agnar Ingólfsson 1993. Patterns in species composition of rocky shore communities in sub-arctic fjords of eastern Iceland. – Marine Biology 117: 469-481.
- Jolly, G.M. 1969. Sampling methods for aerial censuses of wildlife populations. – East African Agricultural and Forestry Journal 34: 46-49.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. Válisti 2: Fuglar. – Náttúrufræðistofnun Íslands Reykjavík. 103 bls.
- Robertson, G.J. & R.I. Goudie 1999. Harlequin Duck. – A. Poole & F. Gill (ritstj.) The birds of North America 466. The Academy of Natural Sciences, Philadelphia & The American Ornithologists' Union, Washington.
- Sigurður Gunnarsson & Jónbjörn Pálsson 1988. Fuglalíf á og við Skjálfandaflóa að vetri. – Bliki 6: 1-23.
- Smith, C.M., F. Cooke & R.I. Goudie 1998. Ageing Harlequin Duck *Histrionicus histrionicus* drakes using plumage characteristics. – Wildfowl 49: 245-248.
- Smith, C.M., R.I. Goudie & F. Cooke 2001. Winter age ratios and the assessment of recruitment of Harlequin Ducks. – Waterbirds 24: 39-44.
- Unnsteinn Stefánsson 1969. Sjávarhiti á siglingaleið umhverfis Ísland. – Bls. 131-149 í: Markús Á. Einarsson (ritstj.) Hafísinn. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989. Vetrarfuglatalningar: skipulag og árangur 1987. – Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 11. 42 bls.
- Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1991. Vetrarfuglatalningar: árangur 1988. – Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 18. 38 bls.
- Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1993. Vetrarfuglatalningar: árangur 1989. – Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 23. 43 bls.
- Ævar Petersen & Guðmundur A. Guðmundsson 1998. Fuglamerkingar á Íslandi í 75 ár. – Bliki 19: 49-56.

SUMMARY

Distribution and numbers of Harlequin Ducks wintering in Iceland

We describe the results of a survey carried out in 1998-2001 of the distribution (Fig. 1) and numbers of Harlequin Ducks wintering in Iceland. The coastline (6059 km) was surveyed from the air or sampled from the ground (Table 1). The coast was divided into used and unused sectors (Fig. 2). Ground censuses were conducted on a total of 594 km (30%) of 1984 km used by Harlequin Ducks. The best estimate of the total wintering population was 14,000 with 95% confidence limits 12,000-16,000 (data in Appendix). The proportion females of females+old males was 0.41 (95% CL 0.39-0.43, $n=2707$); the proportion juvenile males was 0.09 (95% CL 0.08-0.11, $n=1768$) of all males (Table 2). Significantly fewer females were found on the Southwest coast (0.36) and a significantly lower proportion of juvenile males (0.05) on the East coast, as compared to other parts of the coast. Provided that emigration in winter is insignificant, the survey results indicate a breeding population of 3000-5000 female Harlequin Ducks in Iceland, corresponding to 3-5 females (pairs) per 100 km² land (drainage area).

Arnpór Garðarsson og

Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Líffræðistofnun háskólans / Institute of Biology, University of Iceland, Grensásvegur 12, 108 Reykjavík.

Viðauki. Yfirlit yfir talningar á jörðu niðri að vetrinum: fjöldi straumanda, lengd kannaðrar strandlengju (km), dagsetning. – **Appendix.** *A summary of ground counts of Harlequin Ducks in winter: number, length of coast surveyed (km), date.*

Svæði	Staður	Fjöldi	km	mán	ár
2	Selvogur: Selvogsviti – ós Hlíðarvatns	39	8,0	feb	1999
2	Selvogur: Viðisandur – Herðisarvík	19	3,1	feb	1999
2	Grindavík: Ísólfseskáli – Hóp	65	9,8	jan	1999
2	Grindavík: Hóp – Staðarberg	7	9,1	jan	1999
2	Hafnir: Eyrarsker – Ósar	102	10,1	jan	1999
2	Stafnes – Sandgerði	51	15,0	jan	1999
3	Kjalarnes: Brimnes – Músarnes	85	13,5	feb	2000
3	Kjalarnes: Músarnes – Tiðaskarð	109	6,0	feb	2000
3	Akranes: Innri Hólmur – Vesturflös	21	16,9	feb	2000
3	Akranes: Vesturflös – Innstivogur	65	8,3	feb	2000
5	Snæfellsnes: Öndverðanes – Gufuskálamóða	1	5,2	feb	1999
5	Krossavík og Keflavík við Sand	8	2,8	feb	1999
5	Vallnavík, Snæfellsnesi	12	2,8	feb	1999
5	Búlandshöfði	72	6,2	feb	1999
5	Grundarfjörður að suðvestan	6	3,6	feb	1999
5	Setberg – Vatnabúðir, austan Grundarfjarðar	35	8,5	feb	1999
5	Vatnabúðir – Naust	164	2,7	feb	1999
6	Selsker, Barðaströnd	6	1,3	nóv	2001
7	Hænuvík – Örlýgshöfn, sunnan Patreksfjarðar	41	6,1	nóv	2001
7	Örlýgshöfn – Sandoddi	42	6,5	nóv	2001
7	Melstaðir – Móanes, sunnan Arnarfjarðar	15	1,0	nóv	2001
7	Drekahryggur – Kirkjuból, sunnan Arnarfjarðar	53	6,3	nóv	2001
7	Austmannsdalur – Hólsnúpur, sunnan Arnarfjarðar	16	3,8	nóv	2001
7	Pétursvör – Bildudalur	25	9,5	nóv	2001
8	Hraunsbakkar – Sveinseyri, sunnan Dýrafjarðar	57	5,6	nóv	2001
8	Hella – Núpur, norðan Dýrafjarðar	13	1,1	nóv	2001
8	Hlaðsnes – Hamar, norðan Dýrafjarðar	149	5,1	nóv	2001
8	Flateyri – Hvannakrar, norðan Öndarfjarðar	65	3,7	nóv	2001
9	Óshlið: Óshólar – Ófæra	68	6,1	nóv	2001
9	Arnarnes – Hafnir, sunnan Ísafjarðardjúps	19	1,6	nóv	2001
9	Seyðisfjörður að austan	8	2,6	nóv	2001
9	Hvítanes – Litlibær, vestan Skötufjarðar	3	3,1	nóv	2001
9	Ögurnes að vestan	2	6,4	nóv	2001
9	Ögurnes – Búðanes	53	18,9	nóv	2001
9	Búðanes – Hrótey, Mjóafirði	3	11,4	nóv	2001
11	Kaldrananes – Valshöfði, sunnan Bjarnarfjarðar	100	8,3	feb	1999
11	Bjarnarnes – Drangsnes	18	11,8	feb	1999
12	Vatnsnes að vestan: Skarð – Tjörn	155	24,8	mar	1999
12	Bakki – Tjarnarland á Skaga	260	20,0	mar	1999
12	Selvíkurtangi – Víkur á Skaga	24	5,2	mar	1999
12	Mallandsvík – Dalshorn, við Ketu á Skaga	84	6,3	mar	1999
12	Selnes – Fossá á Skaga	73	5,5	mar	1999
12	Sævarlandsvík: Bakkaá – Landsendi	65	3,2	mar	1999
12	Hólkot – Fagranes, Reykjaströnd	47	6,0	mar	1999
13	Hofsós: Ártún – Þönglaskáli	23	5,2	mar	1999
13	Fljótavík: Stafá – Músarnes	53	2,4	mar	1999
13	Haganesvík – ós Miklavatns	21	1,6	mar	1999

Svæði	Staður	Fjöldi	km	mán	ár
13	Höðnuvík – Torfnavík	33	2,8	mar	1999
13	Almenningsnöf – Strákar vestan Siglufjarðar	220	14,0	mar	1999
14	Ólafsfjörður að norðan	15	4,7	apr	2001
14	Ólafsfjörður að sunnan	35	2,6	apr	2001
14	Ólafsfjarðarmúli – Sauðanes	58	5,4	jan	1999
15	Ærvík – Gvendarbás, austan Skjálfanda	8	3,6	jan	1999
15	Kaldbaksnef – Húsavík	35	2,7	jan	1999
15	Barmur: Höfðagerðissandur – Lynghöfði	103	2,2	jan	1999
15	Hallbjarnarstaðaá – Breiðavík, Tjörnesi	225	11,8	jan	1999
15	Beitarnef – Knarrarbrekkutangi á Tjörnesi	19	3,4	jan	1999
16	Melrakkaslétta að vestan, Snartarstaðanúpi sleppt	82	15,7	apr	2001
16	Rauðanes að austan – Óshöfði vestan Þistilfjarðar	28	3,8	jan	1999
16	Gunnólfsvík – Saurbær, Finnafríði	15	6,7	jan	1999
16	Stekkjarnes – Húsvík, Langanessströnd	5	6,6	jan	1999
16	Stapavík, Bakkafirði	10	1,0	jan	1999
16	Mókollsstaðir – Kötlnes, Bakkafirði	15	2,5	jan	1999
16	Leiðarhöfn – Sandvík, norðan Vopnafjarðar	13	7,9	jan	1999
16	Krumsholt – Vindfell, sunnan Vopnafjarðar	25	5,7	jan	1999
17	Skálanes – Njarðvík	29	2,9	mar	2001
17	Njarðvík – Landsendi	31	4,8	mar	2001
17	Landsendi – Fjarðará, Borgarfirði	40	8,4	mar	2001
17	Hamar – Hafnartangi, Borgarfirði	1	5,5	mar	2001
17	Steinsnes – Brekka, norðan Mjóafjarðar	53	8,2	mar	2001
17	Reykjamelar – Flesjartangi sunnan Mjóafjarðar	55	11,8	mar	2001
17	Norðfjarðarnípa: Flesjartangi – viti (Krossvík)	28	5,8	mar	2001
17	Hellisfjörður að norðan	5	2,4	mar	2001
17	Hellisfjörður að sunnan	6	3,6	mar	2001
17	Barðsnes: Stuðlar – Barðsnes	16	3,3	mar	2001
17	Landsendi – Vöðlasandur, Vöðlavík	9	1,8	des	2001
18	Hafranes – Hafnarnes, sunnan Reyðarfjarðar	25	17,3	feb	1999
18	Hafnarnes – Kumlasker, norðan Fáskrúðsfjarðar	26	7,3	feb	1999
18	Vikurgerði – Strembitangi, sunnan Fáskrúðsfjarðar	1	7,5	feb	1999
18	Strembitangi – Landatangi, norðan Stöðvarfjarðar	43	8,3	feb	1999
18	Kambar – Selnes, norðan Breiðdalsvíkur	109	14,1	feb	1999
18	Skipseyri – Streitishvarf, sunnan Breiðdalsvíkur	15	10,1	feb	1999
18	Streitishvarf – Vatnsboði, austan Berufjarðar	117	6,0	feb	1999
18	Vatnsboði – Þiljuvallabót	111	16,5	feb	1999
18	Teigartangi – Langitangi, sunnan Berufjarðar	57	11,5	feb	1999

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1999

Í þessari skýrslu eru birtar allar tiltækar upplýsingar um 99 tegundir flækingsfugla, sjaldséðra vetrargesta og varpfugla sem sáust hér á landi og innan íslenskrar efnahagslögsögu árið 1999. Engin ný tegund sást að þessu sinni.

Inngangur

Hér birtist 21. skýrslan um sjaldséða fugla hér á landi og sú 19. sem birtist í Blika. Þær hafa verið gefnar út síðan 1979. Flækingsfuglanefnd hefur yfirfarið allar athuganir sem hér birtast. Nefndin er sjálfstæður fulltrúi fuglaskoðara líkt og í öðrum löndum Evrópu og á tvo fulltrúa í ritnefnd *Blika*.

Almennt gildir sú regla að ekki þarf að lýsa eftirfarandi tegundum ítarlega, nema þær komi fyrir utan hefðbundins tíma eða á óvenjulegum stöðum: gráskrofa, gráhegri, brandönd, ljóshöfðaönd, amerísk urtönd, taumönd, skeiðönd, æðarkóngur, kynblend-ingar æðarkóns og æðarfugls, hvinönd, sefhæna, bleshæna, grálóa, vepja, rúkragi, skógarsnípa, lappajaðrakan, fjöruspói, ískjói, fjallkjói, dvergmáfur, hringdúfa, snæugla, múrsvölungur, landsvala, bæjasvala, hettusöngvari, gransöngvari, gráspör á Hofi í Örafum, fjallafinka og barrfinka. Sama gildir um silkitoppu, glóbrysting, glókoll, dvergkráku, bláhrafn og krossnef í þeim árum þegar þeirra verður vart í miklum mæli. Undantekningar eru kvenkyns ljóshöfðaendur, amerískar urtendur og taumendur. Einnig ískjóar, fjallkjóar og dvergmáfar sem ekki eru fullorðnir. Öðrum flækingsfuglum þarf að lýsa ítarlega og þeim mun meira þess sjaldgæfari sem tegundin er eða torgreindari frá skyldum tegundum.

Yfirlit 1999

Í þessari skýrslu er getið 91 tegundar flækingsfugla sem sáust á Íslandi og innan

efnahagslögsögu landsins árið 1999. Auk þess eru upplýsingar um sjö erlendar undirtegundir af sex tegundum íslenskra varpfugla eða fargesta (austræn blesgæs, austræn grágæs, austræn margæs, vestræn margæs, amerísk urtönd, hvítfálki og breta-erla). Samtals sáust því 97 tegundir sjaldgæfra fugla hér á landi 1999 sem talið er að séu hingað komnar af sjálfsdáðum. Einnig er getið tveggja tegunda andfugla, svartsvans og ryðandar sem eru taldar hafa sloppið úr haldi í V-Evrópu. Þetta er minna en verið hefur á undanförunum árum eða síðan 1991. Í skýrslunni er auk þess getið hólmatítu frá 1998 og nokkurra annarra viðbóta frá fyrri árum.

Árið 1999 voru ekki dæmdar athuganir á þeim tegundum sem getið er hér að framan. Ekki voru heldur dæmdar athuganir á garðsöngvurum, laufsöngvurum og bók-finkum. Dómnefndin fór yfir 170 athuganir og voru 127 þeirra samþykktar (75%). Flækingsfuglanefnd fékk engar upplýsingar um hami sem bárust Náttúrufræðistofnun Íslands árið 1999 frekar en árið á undan.

Að þessu sinni sátu eftirfarandi sjö menn í dómnefndinni: Björn Arnarson, Gaukur Hjartarson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, Ólafur Einarsson, Yann Kolbeinsson og Örn Óskarsson.

Á hverju ári er einn nýr maður kosinn í nefndina í stað þess sem lengst hefur starfað í henni samfelldt og tveir varamenn að auki. Kosning til nefndarstarfa fyrir árið 2000 hefur þegar farið fram (sjá nánari lýsingu á

kosningunni í inngangi skýrslu fyrir árið 1996). Gunnar Þór Hallgrímsson kemur í stað Gunnlaugs Péturssonar, en Ólafur K. Nielsen og Kjartan G. Magnússon eru varamenn til eins árs.

Sjaldgæfir varpfuglar. Ein ný tegund, glókollur bættist í hóp íslenskra varpfugla árið 1999. Haustið 1995 flæktust margir glókollar hingað til lands og hafa síðan sést í trjálundum á öllum árstímum, einnig á sumrin. Þetta var þriðja sumarið sem glókollar sáu í Hallormsstaðaskógi en þar sáu a.m.k. fjórir ungar í byrjun ágúst. Glókollar lifa í grenitrjám og er vonandi að sá visir sem risinn er af greniskógum dugi til að framfleyta stofni glókolla í framtíðinni. Sportittlingur er einnig grundaður um að hafa orpið á Snæfellsnesi en ekkert er vitað um árangur. Varp brandandar eykst enn. Nú urpu þrjú pör í Borgarfirði og einnig urpu brandandarpör í Eyjafirði og á Melrakkaslétu. Strandtittlingar urpu annað árið í röð í Ingólfshöfða og komu upp a.m.k. einum unga. Landsvölur gerðu sér hreiður í Landeyjum en óvist er um varp. Gráspörvavarpíð í Örafum er óbreytt en ekki varð vart við varp hjá skeiðönd að þessu sinni.

Vetragestir, fargestir og algengir flækningar. Tíu gráskrofur sáu sem er aðeins meira en árið á undan. Fjöldi gráhegra var nærri meðallagi en æðarkóngar voru fáir annað árið í röð. Í byrjun árs sáu nokkrar vepjur en þær voru svo fáar að vart er hægt að tala um göngu. Fjöldi lappajaðrakana var aðeins yfir meðaltali undanfarinna ára og hefur reyndar ekki verið meiri síðan 1988. Fjöruspóar voru hins vegar frekar fáir. Ískjóar slógu öll fjöldamet þetta árið. Á tveimur dögum í maí sáu þrefalt fleiri ískjóar en sést höfðu fram að því. Til þess þurfti sérstæðar veðuraðstæður sem rak þá að suðurströndinni þar sem farflug þeirra stöðvaðist og þeir söfnuðust í stóra hópum við Ölfusárósa. Fjallkjóar voru óvenju margir en þar munar mestu um fugla sem sáu á hafi úti í ágúst. Hringdúfur voru fleiri en nokkru sinni áður en snæuglur voru færri en næstu níu ár á undan en ekki

varð vart við varptilraunir að þessu sinni eins og átti sér stað 1998. Lítið var af landsvölum, bæjasvölum og silkitoppum. Algengu söngvararnir voru í meðallagi en bókfinkur og fjallafinkur voru fáar. Visir að krossnefsgöngu kom í júlí og var fjöldinn lítið eitt minni en í síðustu göngu sem var 1997.

Undirtegundir. Austræn blesgæs sást annað árið í röð. Einnig fannst austræn grágæs en hennar hefur ekki áður orðið vart á Íslandi. Fjórar austrænar margæsir fundust og einnig fannst ein vestræn margæs. Fjórar amerískar urtendur og tveir hvítfálkar sáu. Einnig sást bretaerla annað árið í röð.

Nýjar tegundir. Engin ný tegund sást árið 1999, en það hefur einungis gerst fjórum sinnum áður á síðustu 70 árum (1949, 1990, 1991, 1993). Þó að nýjar tegundir hafi bæst við jafnt og þétt undanfarin ár, eru enn margar eftir sem eru líklegar til að flækjast hingað. Í þessari skýrslu er getið einnar nýrrar tegundar, hólmatítu sem sást 1998, þannig að nýjar tegundir þess árs eru fjórar. Hólmatíta getur verið mjög torgreind frá fitjatítu. Þess vegna hlaut þessi athugun mjög ítarlega meðferð í Flækingsfuglanefndinni sem tók tíma og kom í veg fyrir að hægt væri að birta hana í skýrslu fyrir 1998. Hólmatítan fannst við Bakkatjörn á Seltjarnarnesi 26. ágúst 1998. Hún sást í þrjá daga en þá var henni safnað. Þetta reyndist vera ungur karlfugl en þrátt fyrir að hamur væri fyrirbyggjandi var ekki hlaupið að því að greina fuglinn svo óyggjandi væri.

Aðrir sjaldgæfir flækingsfuglar. Nokkrar sárasjaldgæfar tegundir sáu hér árið 1999. Fjórar tegundir sáu í annað sinn. Það eru klapparmáfur, sandþerna, sílaþerna og norðsöngvari. Kanaduðra sást í fjórða sinn og tígulþerna, barrspæta (6.-8. fugl) og kjarnbítur (6.-7. fugl) sáu í sjötta sinn. Í níunda skiptið sáu grastíta og þyrnisvarri og blikendur eru orðnar tíu. Af öðrum sjaldgæfum flækingsum má nefna förufálka, sefsöngvara, krúnuskrikju og seftittling.

Skýringar við tegundaskrá

Þrjár tölur í sviga fyrir aftan tegundarnafn merkja: (1) Fjöldi fugla sem sást fyrir 1979. Ef fjöldinn er ekki þekktur er sett bandstrik (-). (2) Fjöldi fugla á árunum 1979 til 1998. (3) Fjöldi fugla sem sást 1999. – Þessar tölur eru *lágmarksfjöldi* einstaklinga að mati skýrsluhöfunda. Í sumum tilvikum getur reynst erfitt að ákvarða fjölda einstaklinga, en lagt er nokkurt mat á það með skýringum, s.s. „e.t.v. sami fugl“ (þá talið sem tveir fuglar), „sennilega sami fugl“ eða „sami fugl“ (þá talið sem einn fugl). Við hverja tegund er getið útbreiðslusvæðis hennar og nokkur orð eru um viðburði ársins.

Sýslur eru í stafrófsröð, en athuganir innan þeirra eru yfirleitt í tímaröð. Til einföldunar er kaupstöðum skipað undir sýslur, Kjósarsýslu undir Gullbringusýslu og Hnappadalssýslu undir Snæfellsnessýslu. Mánuðir eru í tölustöfum.

Fyrir hverja athugun er getið um stað (sýsla er feitletruð, staður er skáletraður), fjölda fugla (ef fleiri en einn), kyn (♂ = karlfugl, ♀ = kvenfugl) og aldur, ef þekkt er, og dagsetningu eða tímabils er fuglinn sást. Að lokum eru fennendur innan sviga eða þeir sem tilkynnt hafa fyrst um viðkomandi fugl eða fugla. Notaðir eru upphafsstafrir þeirra sem koma fyrir oftast en fimm sinnum. Táknid □ merkir að fuglinn hafi verið ljósmyndaður (eða kvikmyndaður) og a.m.k. einn nefndarmaður hafi séð myndina. Táknid ☆ merkir að fugli hafi verið safnað. „fd“ merkir að fugl hafi fundist dauður, „fnd“ að hann hafi fundist nýdauður og „fld“ fundist löngu dauður.

Tegundaskrá 1999

Sefgoði *Podiceps grisegena* (18,16,1)
A-Evrópa, Síbería og nyrsti hluti N-Ameríku. – Fjórða árið í röð fannst sefgoði og í fyrsta sinn á norðvestanverðu landinu.

Strand: *Laugarholt við Hrutafjörð*, 19.7. □ (Jürgen Schneider).

Gráskrofa *Puffinus griseus* (56,299,10)
Suðurhvel. – Eins og undanfarin ár sáust flestar

gráskrofurnar á hafi úti. Seinni hluta sumars og snemma hausts er þó hægt að sjá þær frá Reykjanesi. Til þess þarf aðeins þolinmæði og vind úr suðvestri. Að þessu sinni skilaði þessi uppskrift einni gráskrofu.

Gull: *Reykjanes*, 4.9. (YK).

Á sjó: (67°40'N, 18°50'V), 13.8. (JS, KL). – *Um 51 sjóm NV af Straumnesi* (67°11'N, 24°14'V), þrjár 26.8. (Peter Knaus). – *Við Garðskaga* (64°07'N, 22°37'V), 27.8. (Peter Knaus). – (63°29'N, 19°56'V), 28.8. (JS, KL). – (63°42'N, 16°21'V), 2.11. (JS, KL). – (63°18'N, 23°33'V), 4.11. (JS, KL). – (63°10'N, 24°11'V), 4.11. (JS, KL).

1995: Á sjó: *Milli lands og Heimaeyjar*, 28.7.1995 (Steve C. V. Geelhoed).

Gráhegri *Ardea cinerea* (620,980,51)

Evrópa, Asía og sunnanverð Afrika. – Að vanda fundust nálægt fimmtíu gráhegrar. Langflestir aldursgreindir gráhegrar eru ungfluglar en það er samt spurning hvort þessi stöðugi straumur gráhegra hingað á haustin sé að einhverju leyti fuglar sem ætli sér til Íslands.

Árn: *Álfvatn*, öðru hverju í janúar, 5.2. og 27.3. (Guðmundur Theodórs ofl). – *Stokkseyri*, ungf 9.6. (IG). – *Eyrarbakki*, ungf 11.10. (GP, Gþ, YK). – *Laugarás í Biskupstungum*, ungf 20.10. og 28.11.-5.12. (EMD, GT ofl).

V-Barð: *Vesturbotn í Patreksfirði*, tveir 6.11. (Gisli E. Sverrisson).

Borg: *Stafholtsey í Bæjarsveit*, ungf 1.5. (Björn Hjaltason, EÖþ, JÓH, ÓE).

Eyf: *Hrísey*, tveir 24.9. (Dany Pierret, Ólafur K. Nielsen ofl). – *Óshólmar Eyjafjarðarár*, þrír ungf 14.11. (STh ofl).

Gull: *Hvaleyri í Hafnarfirði*, ungf 7.1. (HG), tveir ungf 28.1. □, ungf 30.-31.1. □, tveir ungf 13.-25.2., ungf 26.2. (HG, Ríkarður Ríkarðsson ofl), sennilega sömu og sáust við Vífilsstaði og víðar í lok 1998, tveir ungf 4.12. til 2000 □ (YK). – *Vífilsstaðir og nágr í Garðabæ*, tveir 24.1., ungf 14.2.-19.4. (Gisli Sigurhansson ofl), sennilega sömu og í Hafnarfirði. – *Arnarnesvogur*, 28.2. (KM), sennilega annar fuglanna í Hafnarfirði. – *Njarðvík*, ungf 24.10. (EBR, GP, Gþ, YK). – *Hlíðsnes á Álftanesi*, 23.11. (HG), sennilega annar fuglanna sem sáust í Hafnarfirði í des.

A-Hún: *Kálfshamarsvík á Skaga*, tveir ungf 22.9. (AG, ÞLB).

N-Múl: *Fellabær*, ungf 18.9.-2.12. (Vigfús H. Jónsson ofl).

Rang: *Grenstangi í A-Landeyjum*, 31.12.1998 til 5.1. (Steingrímur Víktorsson). – *Tumastaðir og nágr í Fljótshlíð*, 4.1.-7.4. □ (HÓ), líklega sami og haustið 1998, 1.-19.10., fullu og ungf 20.10.-10.12. □, 11.12. til 2000 (HÓ ofl). – *Móeidarhvoll við Hvolsvöll*, 3.5. (Eggert Jóhannsson). – *Vesturholt undir Eyjafjöllum*, 17.10. (Þröstur Guðmundsson). – *Bollakot í Fljótshlíð*, þrír um haustið (Árni Ólafsson).

Rvík: *Grafarvogur*, ungf 26.2. (BB). – *Lambhagi við*



1. mynd. Austræn blesgæs *Anser albifrons albifrons* við Landakot á Álftanesi, 27. apríl 1999. – Jóhann Óli Hilmarsson.

Úlfarsá, nýleg spor 2.3. □ (JÓH), sennilega sami og í Grafarvogi. – *Ellidavatn*, 14.11. (Þorsteinn Sch. Þorsteinsson). – *Helluvatn*, 21.11. (EBR), sami og við Ellidavatn.

A-Skaft: *Hólar í Nesjum*, 10.1. (BB, PSB), sennilega sami og við Dilksnes fyrr um veturinn. – *Hrollaugsstaðir í Suðursveit*, fjórir 26.1., tveir 5.2., 12.3., tveir 21.3., 5.4. (BA), þrír 1.-9.12. (Gunnar Þ. Þórarnarson ofl). – *Höfn*, 28.9., tveir 3.10. (BA). – *Bjarnanes í Nesjum*, ungf 2.-9.10. (BA ofl). – *Hjarðarnes í Nesjum*, 2.10. (BA). – *Hestgerði í Suðursveit*, fullu 17.-21.10. (BA ofl). – *Baulutjörn á Mýrum*, ungf 25.10. (BA, HB). – *Krossbær í Nesjum*, 10.11. (BB).

Skag: *Reynistaður í Skagafirði*, tveir 12.10. (Sigurfinnur Jónsson).

Snæf: *Stykkishólmur*, um 15.-22.11. (Trausti Tryggvason).

N-Þing: *Kópasker*, fullu 2.-22.10. (GB).

S-Þing: *Sandur í Aðaldal*, fimm 26.9. (Vilhjálmur Jónasson). – *Sílalækur í Aðaldal*, 26.9., 19.10. (Vilhjálmur Jónasson). – *Húsavík*, lok sept, tveir í fyrri hluta okt (Gunnlaugur K. Hreinsson). – *Hólmavað í Aðaldal*, ungf 6.10 (Viðar Vagnsson). – *Hagi í Aðaldal*, byrjun okt, tveir ungf 4.12. (Jón Fornason, Sigurður Gunnarsson), þrír 19.12. □ (Atli Vigfússon). – *Björg í Köldukinn*, 8.11. (Hlökkver Hlökkversson).

1998: Gull: *Vífilsstaðir í Garðabæ*, 6.3.1998 (HÞH), sennilega sami og fyrr um veturinn.

1998: N-Múl: *Hofsárós í Vopnafirði*, ungf 3.4.1998 (JEJ, TGG), sennilega sami og fyrr um veturinn.

1998: Rvík: *Grafarvogur*, 20.1.1998 (HÞH), sennilega annar fuglanna á Ellidavatni í desember 1997.

Hnúðsvanur *Cygnus olor* (0,4,0)

S-Skandinavía, M-Evrópa, M-Asía allt til Kína. – Allar athuganirnar eru af sama fuglinum sem er orðinn fjögurra ára gamall.

N-Þing: *Kópasker*, fullu ♂ 27.4. (GH). – *Skjálftavatn í Kelduhverfi*, fullu ♂ 6.7. (AÖS). – *Klapparós í Núpasveit*, fullu ♂ 14.-20.10. (AÖS, GB).

Blesgæs *Anser albifrons albifrons* (0,8,1)

Þessi undirtegund verpur í norðanverðu Rússlandi. – Annað árið í röð finnst austræn blesgæs.

Gull: *Landakot á Álftanesi*, fullu 25.4.-1.5. □ (GP ofl), 1. mynd.

Grágæs *Anser anser rubrirostris* (0,0,1)

Austræn undirtegund grágæsar sem verpir í Rússlandi og austur um alla Asíu allt til Kyrrahafs. – Þetta er í fyrsta sinn sem austræn grágæs finnst á Íslandi. Gæsamerkingamenn

2. mynd. Austræn grágæs
Anser anser rubrirostris.
Hrærekslækur í Hróars-
tungu, 21. júlí 1999. –
Gunnar Þ. Hallgrímsson.



fundu fuglinn í veiði sinni í leiðangri um
sumarið.

N-Múl: Hrærekslækur í Hróarstungu, fullu 21.7. ☐
(Arnór Þ. Sigfússon, GÞH, Hálfán H. Helgason, HWS,
María Harðardóttir ofl), merkt „117366“ og með gráu
hálsmerki „HVJ“, 2. mynd.

Kanadagæs *Branta canadensis* (25,82,8)
Norðurhluti N-Ameríku. Verpur víða villt og hálfvillt
í Evrópu. – Mjög áhugavert er að vita hvort
kanadagæsir komi frá Ameríku eða hvort þær séu af
evrópskum uppruna. Því ættu athugendur að gera
eins góðar lýsingar og hægt er og reyna að greina þær
til undirtegundar. Í því sambandi skiptir stærð mestu.
Einnig ætti að koma fram með hvaða gæsnum þær
eru en það gildir um allar flækingsgæsir.

Árn: Brattholt í Biskupstungum, 8.6. (Anssi Vähätalo,
Merja Taiminen).

Gull: Bessastaðir á Álftanesi, 24.4.-1.5. ☐ (JÓH ofl),
3. mynd. – Gróttu og nágr á Seltjarnarnesi, tvær 19.-
25.5. ☐ (Hrafn Jóhannsson ofl).

Miðhál: Snjóölduvatn í Veiðivötnum, 14.7.-20.8. ☐
(Rúnar Hauksson ofl).

N-Múl: Víðastaðir í Hjaltastaðapinghá, 28.4. (HWS
ofl).

Snæf: Hellnar, 20.5. (Ólína Gunnarsdóttir ofl).

N-Þing: Brúarland í Þistilfirði, 1.1. (GG).

Margæs *Branta bernicla bernicla* (0,32,4)
Túndrur Síberíu. Þessi undirtegund margæsar
hefur vetursetu í Danmörku, Hollandi, SA-
Englandi og Frakklandi. – Það virðist vera orðið

3. mynd. Kanadagæs *Branta canadensis*
við Bessastaði
á Álftanesi, 24. apríl 1999.
– Jóhann Óli Hilmarsson.





4. mynd. Austræn margæs *Branta bernicla bernicla* með margæs *B. b. hrota* við Dalstjörn á Seltjarnarnesi, 24. maí 1999. – Ríkardur Ríkarðsson.

hægt að ganga að austrænum margæsum vísum á Álftanesi á vorin.

Gull: *Hliðsnes og nágr á Álftanesi*, 23.4.-11.5. □ (HG ofl), par að auki 27.4.-11.5. (YK). – *Daltjörn á Seltjarnarnesi*, fullu 20.-24.5. □ (EÓÞ, YK ofl), 4. mynd.

Margæs *Branta bernicla nigricans* (0,5,1) Túndrur A-Síberíu, Alaska og NV-Kanada. – Þó vestrænar margæsir séu mun sjaldgæfari hérlandis en austrænar finnast þær oftast í margæsaþópum á Álftanesi eins og þær aust-rænu.

Gull: *Hliðsnes á Álftanesi*, fullu 22.4. □ (YK), 5. mynd.

Brandönd *Tadorna tadorna* (25,83+,-) NV-Evrópa, slitrótt í S-Evrópu og Mið-Asíu. – Enn braggast íslenski brandandarstofninn. Að þessu sinni klöktu fimm þör út alls 33 ungum. Þau urpu á þremur stöðum á landinu. Nýr

varpstaður bættist við á Melrakkaslétu.

Árn: *Eyrarbakki*, par 9.5. (EMd, GT, TGG ofl).

Borg: *Grjóteyri og nágr í Andakíl*, ellefu 1.5., tvær 4.5., sjö 25.5., þrettán 30.5.-13.6., fimm fullu 15.6., níu og par með fimm unga 26.6., 22 fuglar, par og tvö þör með sjö unga hvort 28.6., tólf, tvö þör með sjö unga hvort og par með fimm unga 30.6., 22 fuglar 9.7., par með átta unga 21.7., þrjár fullu og fjórir ungf 6.8. (ýmsir), 6. mynd. – *Lækjarós í Grunnafirði*, par 29.5. (Guðmundur Árnason).


Eyf: *Akureyri*, ♂ 16.5. (Jón Magnússon, STh). – *Gásir við Eyjafjörð*, ♀ 19.4.-13.5., par 20.-26.5., 7.6. (STh ofl), par með 6 dúnunga 15.6. til byrjun júlí (Hörður Ólafsson ofl).

Gull: *Garðskagi*, fullu ♀ 27.12.1998 til 21.3. (GAG ofl), fullu ♀ 28.9. til 2000 (HG ofl).

Mýr: *Borgarnes*, tvær 18.4. (Finnur T. Hjörleifsson), par 1.5. (Björn Hjaltason, EÓÞ, JÓH, ÓE). – *Ótilgreindur varpstaður í Borgarfirði*, par og ♂ 19.5. □ (JÓH ofl), skv heimafólki hafa tvö þör orpið þarna undanfarin 3-4 ár.



5. mynd. Vestræn margæs *Branta bernicla nigricans* með margæsum *B. b. hrota* við Hliðsnes á Álftanesi, 22. apríl 1999. Takið eftir skýrum litaskilum á síðum og stórum hálsflekki sem nær saman á framanverðum hálsi. – Yann Kolbeinsson.



6. mynd. Brandönd *Tadorna tadorna*. Karlfugl á varpstöðvum í Borgarfirði, 19. maí 1999. – Jóhann Óli Hilmarsson.

A-Skaft: *Höfn*, tveir ♂ og ♀ 18.4. (Þórir Snorrason ofl), ♂ og tveir ♀ 8.6. (BB). – *Hjarðarnes í Nesjum*, par 23.5. □ (BA ofl).

N-Þing: *Sauðaneslón á Langanesi*, ♂ og tveir ♀ 11.5. (GH, GG). – *Kilsnes á Melrakkaslétu*, fullu ♂ 29.5. (AÖS, GH, Gþ, YK), par með átta dúnunga 2.7., par með sjö unga 26.7. □ (GH).

S-Þing: *Mývatn*, par með sex ungf á Ytriflóa 18.8. (ÞLÞ).

Ljóshöfðaönd *Anas americana* (29,74,9)

Norðurhluti N-Ameríku. Árviss hér á landi og víðar í Evrópu. – Aldrei áður hafa fundist jafnmargir ljóshöfðar. Auk þess sáust þrír fuglar á Innnesjum sem fundust 1998 eða fyrr. Þrír birtust þar aftur um haustið, sennilega sömu fuglarnir. Þeir flökkuðum mikið um og sáust oft. Til einföldunar er einstakra athuganna ekki getið, aðeins tímabíla sem fuglarnir sáust á.

Árn: *Laugarás í Biskupstungum*, ♂ 10.-11.5. (EMD, GT). – *Svinavatn í Grimsnesi*, fullu ♂ 13.6. (TGG).

Gull: *Innnes*, ungur ♂ 16.10.1998 til 2.4. □, fullu ♂ 1998 til 26.1., fullu ♂ 1998 til 8.2. □ (ýmsir), fullu ♂ frá 28.8. og annar að auki frá 30.9., amk tveir fullu ♂ sáust síðan víðs vegar á Innnesjum til 2000 □ (ýmsir). – *Gerðar í Garði*, fullu ♂ 21.-23.5. (Ríkarður Ríkardsson, YK ofl). – *Njarðvík*, fullu ♂ 7.-20.11. (YK

ofl), líklega sami og í Garði.

Rvík: sjá Gull.

N-Þing: *Kópasker*, fullu ♂ 9.-14.6. (AÖS ofl). – *Víkingavatn í Kelduhverfi*, ♂ 20.7. (YK).

S-Þing: *Hólmavað í Aðaldal*, ♂ 7.6. (YK). – *Mývatn*, ♂ í Neslandavík 22.6.-19.7. (YK, ÞLÞ ofl), annar ♂ að auki í Neslandavík 10.-11.7. (Árni Einarsson ofl), ♂ á Álum 11.-12.7. (Cristian Jenssen, YK ofl). – *Laugar í Reykjadal*, ♂ 25.-28.6. (GH ofl). – *Tjörn í Aðaldal*, ♂ 25.6. (GH), sennilega sami og við Hólmavað.

Amerísk urtönd *Anas crecca carolinensis* (5,62,4)

Norðurhluti N-Ameríku. Amerísk urtönd er árviss í Evrópu og einnig hér á landi. Einungis er hægt að greina steggi frá urtönd. – Fjórar amerískar urtendur fundust á árinu en auk þess sáust þrjár sem eru taldar sömu fuglar og sáust á sömu stöðum árið áður.

Borg: *Skeljabrekka í Andakíl*, tveir ♂ 18.10. (GþH, YK).

Gull: *Arnarnesvogur*, ♂ 17.1. □ og 27.2. (SR, YK), hafði sést í Kópavogi 31.10.1998. – *Hvalsnes á Miðnesi*, ♂ 14.11. (YK).

Mýr: *Borgarnes*, ♂ 18.10. (GþH, YK).

A-Skaft: *Þveit í Nesjum*, ♂ 6.10. (BB).

Skag: *Borgarsandur við Sauðárkrók*, ♂ 16.5. (ÓE).



7. mynd. Æðarkóngur *Somateria spectabilis*. Fullorðinn karlfugl ásamt æðarfuglum *Somateria mollissima* við Örfirisey í Reykjavík, 18. mars 1999. – Jóhann Óli Hilmarsson.

Brúnönd *Anas rubripes* (3,21,0)

Norðausturhluti N-Ameríku. – Aftur sást brún-andarsteggurinn á Miðnesi.

Gull: Gerðar í Garði, ♂ 24.1.-27.5., 12.-31.7., ♂ 17.10. til 2000 (EÓþ, YK ofl).

Taumönd *Anas querquedula* (10,33,7)

Evrópa og Asía. Nær árviss vorgestur. – Aldrei áður hafa sést jafnmargar taumendur.

Eyf: Þórustaðir í Kaupangssveit, fullu ♂ 8.-16.5. (Sth, Þórey Ketilsdóttir ofl).

Gull: Norðurkot á Miðnesi, ♂ 5.5. (Sigurður Eiríksson). – Daltjörn á Seltjarnarnesi, tveir ♂ 10.5., ♂ 11.-27.5. (GAG ofl). – Gerðar í Garði, ♂ 14.5. (YK), líklega sama og við Norðurkot.

A-Skaft: Skarðatjörn í Suðursveit, ♂ 24.4. (BB). – Bjarnanes í Nesjum, tveir ♂ 11.-15.5. (BA, BB ofl).

Skeiðönd *Anas clypeata*

Evrópa, N-Asía og norðanverð Ameríka. – Allmargar sáust en að þessu sinni varð ekki vart við varp.

Árn: Stokkseyri, ♂ 9.5. (IG).

Eyf: Akureyri og nágr, par 22.4.-19.5. (Sth), ♀/ungf 6.11. (Sth).

Gull: Daltjörn og nágr á Seltjarnarnesi, par 11.5.-27.5. □, ♂ 31.5.-3.6. og 19.6., ♀ 15.6. (EBR ofl), ♀ 6.-16.9. (GÞH, HG ofl).

A-Hún: Langidalur, par 18.6. (KM).

S-Múl: Djúpiðvogur, par og ♂ 1.5. (TGG ofl).

A-Skaft: Höfn, tveir ♂ 7.5. (BB). – Bjarnanes í Nesjum, ♂ 11.5. (BB).

N-Þing: Höll í Kelduhverfi, ♂ 8.6. (JBH). – Víkingavatn í Kelduhverfi, ♀ 20.7. (YK, ÞLP).

S-Þing: Mývatn, tveir ♂ og ♀ á Helgavogi 4.5. (ÞLP). – Laugar í Reykjadal, ♂ 29.5.-9.6. (YK), tveir ♂ 25.-

28.6. (GH ofl). – Sandur í Aðaldal, ♂ 30.5. (GH, GP, YK). – Sandvatn í Mývatnssveit, ♂ 5.7. (ÞLP). – Silalækur í Aðaldal, 27.8. (GH).

Skutulönd *Aythya ferina* (63,126,5)

Miðbik Evrópu og Asíu. – Skutulendur hafa orpið við Mývatn, síðast 1989. Þó skutulendur hafi sést þar árlega síðan 1981 er ekki hægt að líta á skutulönd sem íslenskan varpfugl. Bæði er langt síðan vart varð við varp og ekki hefur sést kvenfugl á Mývatni síðan 1996.

Skag: Stafnsvötn á Hofsafrétt, ♂ 5.7. (EÓþ, HWS, Kristinn H. Skarphéðinsson, ÓE).

S-Þing: Laxá í Mývatnssveit, ♂ 4.6. (Jón S. Ólafsson, YK). – Mývatn, ♂ við Reykjahlíð 18.-30.6. (JBH ofl), annar ♂ að auki við Reykjahlíð 21.6., 25.-26.6. og 28.6. (YK, ÞLP ofl), ♂ í Neslandavík 22.6.-19.7. □ (YK, ÞLP ofl), tveir ♂ að auki 30.6., annar sást til 12.7. (Harpa Guðfinnsdóttir, ÞLP ofl), tveir ♂ í Álftavogi 6.7. (YK).

Hringönd *Aythya collaris* (3,24,3)

N-Ameríka. – Steggurinn á Tjörninni er talinn vera sá sami og verið hefur á Innnesjum undanfarin ár. Hugsanlega er það sami fugl og sást í Grafningi.

Árn: Úlfjótavatn, ♂ 14.3. (YK), ♂ 30.10. □ (EBR, GP, GP, YK), sennilega sami í bæði skiptin. – Villingavatn í Grafningi, ♂ 30.9. (Jari Peltomäki, YK ofl), líklega sami og á Úlfjótavatni.

Rvík: Tjörnin, ♂ 21.7. □ (Anne-Marie Smout, Chris Smout).

N-Þing: Víkingavatn í Kelduhverfi, ♂ 29.5.-3.6. (GH, GP, YK ofl).

S-Þing: Mývatn, ♀ í Neslandavík 3.-4.7. (Dirk Colin ofl).

Æðarkóngur *Somateria spectabilis*

(174,648,16)

Nyrstu héruð N-Ameríku og Síberíu, Grænland og Svalbarði. – Annað árið í röð var fjöldinn með minna móti.

Árn: *Þorlákshöfn*, fullu ♂ 27.3. (GAG).

V-Barð: *Fossfjörður í Suðurfjörðum*, ♂ 3.6. (JBH).

Gull: *Ytri-Njarðvík*, ♂ á öðrum vetri 24.1. (EÖÞ, YK). – *Hraunsvík við Grindavík*, ♂ á öðrum vetri 13.2. (AG, TGG, YK ofl). – *Kúagerði á Vatnsleysuströnd*, ♀ 13.2. (YK). – *Keflavík*, fullu ♂ 16.3. (JÓH, Oddný A. Jóhannsdóttir). – *Grindavík*, fullu ♂ 18.3. (Jari Kontiokorpi), ♂ á fyrsta vetri 21.3. (YK), ungur ♀ 27.11. (AG). – *Helguvík*, fullu ♂ 5.4. (JÓH, Richard Kirby), líklega sami og í Keflavík.

V-Ísf: *Flateyri*, júní (skv. Arnari Eyþórssyni).

Rvík: *Ellidaárvogur*, fullu ♂ 10.1.-31.1. (YK ofl), annar ♂ 10.1., 8.2. og 26.2. (YK ofl), ♂ 27.11. (EBR), tveir fullu ♂ 23.-25.12. (YK). – *Rauðarárvík*, ♂ 9.3. (YK), sennilega annar fuglanna við Örfirisey. – *Örfirisey*, fullu ♂ 13.-18.3. □ (YK ofl), 7. mynd, fullu ♂ að auki 14.-19.3. (GP ofl), fullu ♂ 8.4. (JÓH), líklega allt sömu tveir fuglarnir og saust árið áður.

A-Skaft: *Höfn*, ♂ á fyrsta vetri 2.-20.3., fullu ♂ 16.-17.3. (BB ofl), ♀ 17.3. (BA).

S-Þing: *Gvendarbás á Tjörnesi*, fullu ♂ 24.4. (GH). – *Húsavík*, fullu ♀ 13.5., ♀ 8.6. (GH).

Kynblendingur æðarfugls og æðarkóns *Somateria mollissima* × *spectabilis* (6,25,1)

Kynblendingar hafa sést árlega frá 1984, einn til fjórir fuglar. Fuglinn á Eskifirði hefur sést þar síðan 1992.

Eyf: *Krossanes við Akureyri*, fullu ♂ 20.-29.3., annar fullu ♂ að auki 22.3. (STh ofl). – *Gásir við Eyjafjörð*, fullu ♂ 18.-21.5. (STh ofl), sennilega annar fuglanna við Krossanes.

S-Múl: *Eskifjörður*, fullu ♂ 4.4. (HWS). – *Helgustaðir í Reyðarfirði*, ársгамall ♂ 16.6. □ (HWS, Skarphéðinn Þórisson).

Blikönd *Polysticta stelleri* (0,9,1)

NA-Síbería og Alaska. Sjaldséð en árviss í Evrópu. – Aftur finnst blikandarsteggur í Örlýgshöfn þar sem steggur sást árlega 1991 til 1994.

V-Barð: *Örlýgshöfn*, ♂ 3.6. (JBH), sást í nokkra daga á eftir.

N-Múl: *Borgarfjörður eystri*, fullu ♂ 28.4. (Skarphéðinn Þórisson ofl), sami fugl og árið áður.

Krákönd *Melanitta perspicillata* (5,23,2)

Norðurhluti N-Ameríku. Ein algengasta ameríska öndin í Evrópu, en fremur sjaldgæf hér á landi. – Fulloröna kráköndin í Þvottárskriðum er talin vera sami fugl og var þar árið áður.

Eyf: *Gásir við Eyjafjörð*, fullu ♂ 20.5. (STh).

S-Múl: *Þvottárskriður og nágr*, fullu ♂ 9.6. og 20.-

25.7. (BB ofl), ársгамall ♂ 20.7. (Arnór Þ. Sigfússon, Bob Swann, GBH, HWS, Richard Hearn ofl).

Korpönd *Melanitta fusca* (10,43,2)

N-Evrópa, N-Asía, Kákasus og N-Ameríka. – Korpöndin sem var í Hraunsvík er álitin vera sú sama báða veturna og annar fuglinn í Þvottárskriðum er einnig talinn vera sami fugl og sást þar árið áður.

Gull: *Hraunsvík við Grindavík*, fullu ♂ 26.1.-13.2. (AG, JEJ ofl), fullu ♂ 16.11. til 2000 □ (ÞLB ofl), undirtegundin *fusca*.

S-Múl: *Þvottárskriður og nágr*, fullu ♂ 9.6. (BB ofl), undirtegundin *fusca*, ♂ 22.6. (JÓH), fullu ♂ 20.7. (Arnór Þ. Sigfússon, Bob Swann, GBH, HWS, Richard Hearn ofl), nýr einstaklingur, fullu ♂ 25.7. (BB, Ríkarður Ríkarðsson), undirtegundin *fusca*.

Hvinönd *Bucephala clangula* (552,-,-)

N-Evrópa, N-Asía og N-Ameríka. – Algengur vetrargestur sem sést víða um land, alls um 80 fuglar í febr.-mars. Sést hér einnig á sumrin.

Árn: *Sog og Úlfjótstvatn*, tíu 2.1. (KM), 42 fuglar 14.3., tólf 18.4. (YK ofl), 30.9. (Jari Peltomäki, YK ofl), tvær 3.10. (KM), tvær 30.10. (EBR, GP, GP, YK), 38 fuglar 27.12. (YK). – *Briúará við Spóastaði*, 30.5. (EMd, GT).

Gull: *Arnarnesvogur*, sjö 26.1., 5.2., þrjár 7.2., 9.2. (EÖÞ, JÓH ofl), fjórar 28.11. (HG), fjórar 4.-25.12., þrjár 26.12. (YK ofl). – *Kópavogur*, ellefu 7.2. (YK). – *Bessastaðatjörn á Álftanesi*, 3.9. (JEJ).

S-Múl: *Egilsstaðir*, 22.-23.3., tvær 8.-18.4., 25.4., tvær 26.6. (Vigfús H. Jónsson ofl).

Rvík: *Skerjafjörður*, þrettán 8.2. (JÓH). – *Ellidaavatn*, tíu 7.3., sex 26.3. (YK), fimm 31.10., tvær 21.11., tvær 31.12. (YK ofl). – *Helluvatn*, tvær 21.11. (EBR).

A-Skaft: *Skarðsfjörður*, fjórar 11.1., fimm 6.3. (BB). – *Hornaðsfjörður*, 31.1. (BA). – *Þveit í Nesjum*, fjórar 11.4., tíu 18.4., níu 21.4., sjö 22.4., fjórar 26.4., 30.4.-12.5. (BB).

V-Skaft: *Botnar í Meðallandi*, 38 fuglar 3.4. (GBH, GP, HG, YK).

N-Þing: *Lón í Kelduhverfi*, 2.1., tvær 7.2. (AÖS), þrjár 16.2. (GH), fimm 28.2. (AÖS), 30.11. (GH).

S-Þing: *Laugar í Reykjadal*, 16.-26.3. (GH). – *Laxá í Mývatnssveit*, við Helluvað 26.3. og 24.9. (GH), tvær í Laxárvíslum 3.6. (Eulalia Caballé Brull, YK). – *Mývatn*, tvær við Reykjahlöð 1.4. (JÓH), í Neslandavík 25.6. □ (YK). – *Hofsstaðaei í Laxárdal*, þrjár 31.5. (YK, ÞLB). – *Hrappstaðir í Laxárdal*, fimm 31.5. (YK, ÞLB). – *Arnes í Aðaldal*, tvær 7.6. (YK, ÞLB). – *Knútsstaðir í Aðaldal*, 7.6. (YK, ÞLB). – *Núpar í Aðaldal*, 7.6. (YK, ÞLB).

Hrókönd *Oxyura jamaicensis* (2,64,2)

Vestanverð N- og S-Ameríka. Flutt til Evrópu og verpur nú á Englandi og víðar í Evrópu og er talið að allir fuglar sem hér hafa sést séu komnir

þaðan (*Bliki* 15: 1-15). – Þriðja árið í röð finnast fáar hrókendur.

Eyf: *Akureyri*, ♂ 20.6. (JBH).

S-Þing: *Mývatn*, tveir ♂ við Reykjahlíð 8.-10.5. (Jón Illugason), ♂ við Hrauney 4.6. (Jón S. Ólafsson ofl), fullu ♂ í Álftavogi 13.10. (JEJ, ÞLB).

Svölugleða *Milvus milvus* (0,1,0)

Evrópa. – Fuglinn sem fannst í desember 1997 hélt til á Síðu í nærri tvö ár uns fyll spúði á hann lýsi og var hann handsamaður í kjölfarið. Eftir hreinsun var ákveðið að senda hann til æskustöðvanna í Skotlandi.

V-Skaft: *Hörgslandskot og nágr á Síðu*, miður des 1997 til sept □ (Steingrímur Lárusson ofl), fuglinn náðist útataður í grút í september og var hafður í haldi til 11.11. en þá var farið með hann til Skotlands.

Fálki *Falco rusticolus „candicans“* (-,45,2)

Grænland, Kanada og Alaska. – Fjöldi fálka af ljósa litarafrbrigðinu var í meðallagi en sjö fundust 1998 og hélt einn þeirra sig undir Eyjafjöllum fram á mitt ár 1999.

Rang: *Skarðshlíð undir Eyjafjöllum*, 15.11.1998 til júní (Ólafur Tómasson ofl).

Snæf: *Kolgrafarffjörður*, 31.10. (Skúli Alexandersson).

N-Þing: *Öxarnúpur í Öxarfirði*, ungur ♂ fd 23.6. ☆ (Dany Pierret, Ólafur K. Nielsen).

Förufálki *Falco peregrinus* (1,12,1)

Evrópa, N-Asía, norðanverð N-Ameríka og víðar. – Fimmta árið í röð finnst þessi sjaldgæfi flækingsur.

A-Skaft: *Dilksnes í Nesjum*, 25.10. (BA).

Keldusvín *Rallus aquaticus* (-,91,3)

Evrópa og Asía. – Keldusvínið á Höfn var óvenjusnemma á ferðinni miðað við hefðbundinn fartíma tegundarinnar á haustin.

Rvík: *Skógræktin í Fossvogi*, 28.2.-1.3. (GP ofl). – *Lambhagi við Úlfarsá*, 25.-28.11. (JÓH).

A-Skaft: *Höfn*, 16.9. (Ragnheiður Gestsdóttir).

Sefhæna *Gallinula chloropus* (42,37,2)

Evrópa, Asía og Ameríka. – Nær árlegur haustflækingsur en að þessu sinni kom ein um vorið sem er mjög sjaldgæft.

N-Múl: *Hrafnabjörg í Jökulsárhlíð*, 6.11. (HWS).

N-Þing: *Núpur í Öxarfirði*, fullu 30.4.-11.5. □ (GB ofl).

Bleshæna *Fulica atra* (138,68,3)

Evrópa, Asía og Ástralía. – Þrjár bleshænur er í meðallagi en auk þess var fugl frá fyrra ári í Grafarvogi og sást hann næstum út árið.

Árn: *Sólheimar í Grímsnesi*, 27.4. (Peter M. Potts, Ruth Croger, TGG).

V-Hún: *Laugarbakki í Miðfirði*, 23.7. (Smári Brynjarsson).



8. mynd. Hólmatíta *Calidris mauri*. Bakkatjörn á Seltjarnarnesi, 27. ágúst 1998. – Yann Kolbeinsson.

Rang: *Grjótá í Fljótshlíð*, 4.11. □ (HÓ).

Rvík: *Grafarvogur*, 23.4.1998 til 20.11. (IG, YK ofl).

Grátrana *Grus grus* (5,20,2)

N-Evrópa og norðanverð Asía. – Þetta er í fjórða sinn sem tvær grátrönur sjást saman. Grátrönur para sig til lífstíðar og þetta eru því sennilega í öllum tilfellum fullorðnir fuglar sem hafa parað sig á varptíma.

A-Hún: *Öxl í Þingi*, tvær 25.7. □ (Franske Hoekema, Ronald de Lange).

Grálóa *Pluvialis squatarola* (16,73,3)

Nyrstu héruð Siberíu og N-Ameríku. – Grálóur létu sig ekki vanta á Suðurnesjum frekar en mörg undanfarin ár. Að þessu sinni sást fullorðinn fugl í nánast fullum sumarbúningi. Þessi fugl sást snemma um haustið sem er eðlilegt því fartími fullorðinna vaðfugla er fyrr en hjá ungfuglum.

Gull: *Sandgerði*, fullu 21.8. (GPB, GP, KM). – *Fitjar á Miðnesi*, tvær 10.10. (EBR, GPB, GP, YK). – *Hafurbjarnarstaðir á Miðnesi*, 24.10. (YK), eflaust annar Fitjafuglanna.

Vepja *Vanellus vanellus* (1220,792,10)

Evrópa og N-Asía. – Annað árið í röð eru vepjur óvenju fáar og hafa ekki verið færri síðan 1977. Flestar komu á útmánuðum en þá leggjast vepjur stundum á flakk ef vetrarríki er mikið á vetrarstöðvum í V-Evrópu.

Gull: *Gerðar í Garði*, fullu og tveir ungf 14.11. (GP, YK).

A-Skaft: *Kálfafell í Suðursveit*, 20.1. (BB, PSB). – *Höfn*, 12.3. (BA). – *Fagurhólmsmýri í Örafum*, 30.3. (Kolbrún Karlsdóttir).

N-Þing: *Þórshöfn*, 19.3. (GG).

S-Þing: *Mánárþakki á Tjörnesi*, 13.3. (Aðalgeir Egilsson). – *Hraun í Aðaldal*, 15.-16.3. (Kristbjörg Steingrimsdóttir ofl). – *Vogar í Mývatnssveit*, 3.4. (JÓH).



9. mynd. Rákatíta *Calidris melanotos*. Norðurkot á Miðnesi, 25. september 1999. – Gunnlaugur Þráinsson.

Hólmatíta *Calidris mauri* (0,1,0)

Alaska og NA Síbería. – Hólmatíta hefur aldrei áður sést á Íslandi. Þessi athugun er frá fyrra ári en töf á birtingu er vegna þess að hólmatíta er mjög torgreind og þurfti Flækingsfuglanefndin að gaumgæfa þessa athugun vel.

1998: Gull: Bakkatjörn á Seltjarnarnesi, ungur ♂ 26.-29.8.1998 ☐ ☆ (YK ofl), 8. mynd.

Vaðlatíta *Calidris fuscicollis* (12,36,1)

Kanada. – Annað árið í röð finnst aðeins ein vaðlatíta.

Gull: Lambastaðir í Garði, ungf 15.10. (GÞH, YK).

Rákatíta *Calidris melanotos* (2,33,1)

Kanada, Alaska og NA-Síbería. – Aðeins ein rákatíta sást og engin árið áður.

Gull: Norðurkot á Miðnesi, ungf 25.9. ☐ (GÞH, GP, GÞ, KM ofl), 9. mynd.

Spóatíta *Calidris ferruginea* (3,38,5)

N-Síbería. – Aðeins einu sinni áður hafa sést fimm spóatítur, árið 1988. Óvenjulegt er að þrjár spóatítur sjáist saman.

Gull: Arfadalsvík við Grindavík, 14.-20.5. ☐ (YK ofl).

– Sandgerði, ungf 12.9. og 3.10. (GÞH, YK ofl). – Norðurkot á Miðnesi, ungf 25.9. (EÓÞ, GÞH, GP, GÞ, KM, YK), líklega sama og í Sandgerði.

A-Skaft: Höfn, þrjár 20.-25.9. (BA ofl).

Efjutíta *Limicola falcinellus* (0,5,0)

N-Evrópa og N-Asía. – Efjutítur hafa nú fundist í sömu mýri á Tjörnesi nær árlega síðan 1987. Ekki er ósennilegt að um sama fugl sé að ræða frá upphafi (þó svo allt að þrír fuglar hafi sést þar fyrstu árin). Sé svo, er hann orðinn amk þrettán ára gamall!

S-Þing: Hóll á Tjörnesi, syngjandi ♂ 11.5.-18.6. ☐ (GH ofl), 10. mynd.

Grastíta *Tryngites subruficollis* (2,6,1)

Nyrstu héruð Kanada og Alaska. Sést árlega í Evrópu, en er mjög sjaldgæf hér á landi. – Grastíta sást síðast 1994. Þetta er níunda grastítan og þar af sú fimmta sem finnst í Arfadalsvík.

Gull: Arfadalsvík við Grindavík, ungf 17.10. (Guðmundur F. Sveinsson, GÞH, Stefán Bjarnason ofl).

Rúkragi *Philomachus pugnax* (26,58,1)

N-Evrópa og Asía. – Rúkragar koma ekki síður á vorin en á haustin. Á vorin finnast mun fleiri karlfuglar en það er væntanlega af því að þeir eru mun meira áberandi en kvenfuglar.

S-Þing: Silalekur í Aðaldal, ♀ 30.5. (GH, GÞ, YK).

Dvergsnípa *Limnodytes minimus* (32,83,4)

N-Evrópa og Asía. – Fjöldinn er í meðallagi. Fundartími fuglsins við Helluvatn er mjög óvenjulegur.

Gull: Lundur í Kópavogi, 3.-5.3. ☐ (YK ofl), 11. mynd.

Rvík: Skógræktin í Fossvogi, 26.1. (EÓÞ, JÓH), sama



10. mynd. Efjutíta *Limicola falcinellus* við Hól á Tjörnesi, 5. júní 1999. – Yann Kolbeinsson.



11. mynd. Dvergsnípa *Lymnocyrtes minimus*. Lundur í Kópavogi, 3. mars 1999. – Yann Kolbeinnsson.

og við Lund. – *Lambhagi við Úlfarsá*, 21.-22.2. (JÓH), sennilega sama og fyrr um veturinn, 28.11. (JÓH). – *Helluvatn*, 13.5. (EBR).

A-Skaft: *Reynivellir í Suðursveit*, 8.-14.3. (BA ofl). – *Gerði í Suðursveit*, 21.10. (BA).

Skag: *Langhús í Fljótum*, 28.12.1998 til 14.1. □ (Þorlákur Sigurbjörnsson).

Kanaduðra *Limnodynastes dorsalis* (0,3,1) Túndur í A-Síberíu, Alaska og V-Kanada. – Þetta er fjórða kanaduðran. Fyrstu tvær sáust að haustlagi en síðan hafa fylgt tvær í sumarþúningi. Auk þess sást ógreind duðra í sumarþúningi árið 1971.

N-Þing: *Brunahóll á Melrakkaslétu*, 29.5. □ (AÖS, GH, GÞ, YK), 12. mynd.

Skógarsnípa *Scolopax rusticola* (108,303,13) Evrópa og Asía. – Allmargar skógarsnípur komu snemma um vorið en aðeins ein fannst um haustið sem er óvenjuliði þannig að árið í heild er undir meðallagi.

Árn: *Hagavík í Grafningi*, 28.5. (Sigurður Blöndal ofl).

Eyf: *Grimsey*, 6.-11.4. (Konráð Gylfason).

Gull: *Lundur í Kópavogi og nágr.*, 28.2.-1.4. □ (GÞ ofl), 13. mynd. – *Krisuvík*, 15.4. (YK).

S-Múl: *Egilsstaðir*, 19.6. (HWS ofl).

Rang: *Seljaland undir Eyjafjöllum*, 17.1. (HÓ).

Rvík: *Ellidaárdalur*, 8.2. (JÓH). – *Skógræktin í*

Fossvogi, 4.-25.12. (KM ofl).

A-Skaft: *Reynivellir í Suðursveit*, 8.3. (BA), tvær 14.3., 23.3. (BA, BB). – *Kvisker í Örfum*, um 5.-12.4. (Helgi Björnsson ofl). – *Hraunkot í Lóni*, um 11.7. (Friðrik Friðriksson).

N-Þing: *Kópasker*, 16.3. (AÖS).

S-Þing: *Mánárþakki á Tjörnesi*, 14.3. (Aðalgeir Egilsson).

Lappajaðrakan *Limosa lapponica* (71,180,11) Skandinavía, Síbería og Alaska. – Fjöldi lappajaðrakana hefur verið mjög svipaður fjögur ár í röð.

Gull: *Arnarnesvogur*, 27.2. □ (SR, YK). – *Kópavogur*, 5.3. (YK), sennilega sami og í Arnarnesvogi. – *Leiruvogur í Mosfellsbæ*, ungf 1.9. (GÞ). – *Sandgerði*, fjórir 12.9. □ (GÞH, YK), sex 25.9., fimm 3.-10.10., 15.10., tveir 24.10., fjórir 27.11., tveir 24.12. (EÓÞ, GÞH, GP, GÞ, KM, YK ofl), allt ungf. – *Skógtjörn á Álftanesi*, fullu 23.-29.9. (GÞH ofl), tveir fullu 10.-22.10. (KM ofl). – *Njarðvík*, tveir ungf 14.11.-24.12. (GÞ, YK), líklega sömu og í Sandgerði.

Rvík: *Skildinganes*, 8.2. □ (JÓH), 14. mynd. – *Skerjafjörður*, ♂ 13.-14.3. □ (YK ofl).

A-Skaft: *Skarðsfjörður*, 30.1., 11.-15.4. (BB). – *Höfn*, ♂ 22.8., 12.9. (BB).

Fjöruspói *Numenius arquata* (900,1142,40) Evrópa og Asía. – Aftur sjást fjöruspóar á Melrakkaslétu en 1998 var fyrsta árið sem



12. mynd. Kanaduðra *Limnodromus scolopaceus*. Brunahóll á Melrakkaslétu, 29. maí 1999. – Yann Kolbeinnsson.



13. mynd. Skógarsnípa *Scolopax rusticola*. Lundur í Kópavogi, 15. mars 1999. – Jóhann Óli Hilmarsson.

þeirra varð ekki vart þar eftir að varp var staðfest þar 1987.

Árn: *Stokkseyri*, tveir 12.2. (IG).

Eyf: *Grimsey*, 9.4. (Konráð Gylfason).

Gull: *Miðnes*, fjórtán frá 1998, fimmtán 21.3., tveir 4.4., þrír 20.5., 27.5., fullu 18.6., sjö 19.6., tíu fullu 31.7., fjórtán 21.8.-3.10. □, sextán 15.10., átján 30.10., 22 fuglar 14.11., þrettán 20.11., tuttugu 30.12. (ýmsir). – *Njarðvík*, 3.10. (IG).

2200 Pomarine Skuas *Stercorarius pomarinus* were seen on 4th and 5th May near the mouth of the Ölfúsá river in SW Iceland and along the river up to Selfoss. This was probably due to special weather conditions (including dense fog), and is not known to have happened previously. The number of birds recorded was three times higher than had been recorded in Iceland before! Number of records of the following species were also well above average: Bar-tailed Godwit *Limosa lapponica*, Long-tailed Skua *Stercorarius longicaudus* (the second best year), Wood Pigeon *Columba palumbus* (the best year ever). On the other hand, below average were the number of records of King Eider *Somateria spectabilis*, Swallow *Hirundo rustica*, House Martin *Delichon urbica*, Snowy Owl *Nyctea scandiaca*, Bohemian Waxwing *Bombycilla garrulus*, Brambling *Fringilla montifringilla* and Chaffinch *Fringilla coelebs*. Other species showed average numbers this year.

Influxes: A small influx of Common Crossbills *Loxia curvirostra* occurred in the second half of July and early August. Only 49 birds were seen, which is small compared to some previous influxes. Large influxes of Crossbills occurred in 1909, 1953, 1966, 1972, 1985 and 1990.

New species: No new species was recorded in 1999. During the past 70 years there have only been four other years without a new species for Iceland. Included in this report is a record of a new species for 1998, Western Sandpiper *Calidris mauri*, which was seen and later collected at Seltjarnarnes (SW Iceland) in late August 1998. It was a young male.

Rare vagrants: Extreme rarities in 1999 include the second records of Yellow-legged Gull *Larus cachinnans*, Gull-billed Tern *Sterna nilotica*, Common Tern *Sterna hirundo* (the first was found dead in 1964) and Arctic Warbler *Phylloscopus borealis*, and the fourth Long-billed Dowitcher *Limnodromus scolopaceus*. Very rare species include White-winged Black Tern *Chlidonias leucopterus* (sixth record), Great Spotted Woodpecker *Dendrocopos major* (sixth to eighth record) and Hawfinch *Coccothraustes coccothraustes* (sixth and seventh record), Buff-breasted Sandpiper *Tryngites subruficollis* (ninth record), Red-backed Shrike *Lanius collurio* (ninth record) and Steller's Eider *Polysticta stelleri* (tenth record). Other rare species are Peregrine Falcon *Falco peregrinus*, Reed Warbler

Acrocephalus scirpaceus, Yellow-rumped Warbler *Dendroica coronata* and Reed Bunting *Emberiza schoeniclus*. A pair of Ruddy Shelduck *Tadorna ferruginea* was seen in June, the first birds recorded since 1892 (when seven birds were found). This record has been put in Category D. One Black Swan *Cygnus atratus* was seen during 1999 (the third bird) and has been placed in Category E.

Explanations: The three numbers in parentheses after the name of each species indicate respectively: (1) the total number of birds (individuals) seen in Iceland until 1978, (2) in the period 1979-1998 and (3) in 1999. In a very few cases, the number of birds have not been compiled and is then indicated by a hyphen (-) and for some very common vagrants or winter visitors no figures are given.

The following details are given for each record: (1) county (abbreviated and in bold), (2) locality (in italics), (3) number of birds, if more than one, (4) sex and age, if known, (5) observation date (months are in words if exact date is unknown, and are then abbreviated), (6) observers (in parentheses, some abbreviated).

The following abbreviations are used: ♂ = male, ♀ = female, *par* = pair, *fullo* = adult, *ungf* or *ungur* = immature, *fd* = found dead, *fnd* = found newly dead, *fld* = found long dead, □ = photographed (or filmed) and identification confirmed by at least one committee member, ☆ = collected (species identification confirmed with a specimen), *amk* = at least, *ofl* = et al., *um* = about, *til* = until, *á fyrsta vetri* = first winter, *ársgamall* = first summer, *á öðrum vetri* = second winter, *á öðru sumri* = second summer. Number of birds is given in words, if less or equal to 20 individuals (1 = *einn*, *ein* or *eitt*; 2 = *tveir*, *tvær* or *tvö*; 3 = *þrír*, *þrjár* or *þrjú*; 4 = *fjórir*, *fjórar* or *fjögur*; 5 = *fimm*; 6 = *sex*; 7 = *sjö*; 8 = *átta*; 9 = *níu*; 10 = *tíu*; 11 = *ellefu*; 12 = *tólf*; 13 = *þrettán*; 14 = *fjórtán*; 15 = *fimmtán*; 16 = *sextán*; 17 = *sautján*; 18 = *átján*; 19 = *nítján*; 20 = *tuttugu*).

Yann Kolbeinnsson, Sólheimum 30, 104 Reykjavík (birdingiceland@hotmail.com).

Gunnlaugur Þráinnsson, Melbæ 40, 110 Reykjavík (gusi@centrum.is).

Gunnlaugur Pétursson, Blesugróf 24, 108 Reykjavík (gpe@vst.is).

Sjónaukar frá Carl Zeiss - hin fullkomna skerpa



Einglyrni í fjórum gerðum og val um þrjú augngler.

Diascope 65 T* Fluorit &
Diascope 85 T* Fluorit bæði
beinir og 45°. Föst stækkun
23x/30x – 30x/40x eða breytileg
stækkun 15-45x/20-60x.

Einnig fjölmargar gerðir
hefðbundinna handsjónauka,
allar nánari uppl. hjá Hlað
Bildshöfða 12 Rvk. S. 567 5333
www.hlad.is



Við gerum það sýnilegt

Þrjár nýjar skríkjutegundir berast til Íslands

Haustið 1997 sáust hér þrjár tegundir amerískra smáfugla, svokallaðar skríkjur, í fyrsta sinn. Tvær þeirra höfðu ekki sést í Evrópu áður, svo þær vöktu talsverða athygli meðal fuglaskoðara.

Inngangur

Síðustu daga septembermánaðar 1997 blésu öflugir vindar frá austurströnd N-Ameríku til Íslands. Um var að ræða þrjár hraðfara lægðir, sem komu hver á fætur annarri frá N-Ameríku til Evrópu. Sú fyrsta skilaði hlýjum loftmassa sínum til Íslands þann 25. september, hinar tvær fylgdu hliðstæðri braut næstu daga. Í kjölfar lægðanna fundust hér átta amerískir spörfuglar á tímabilinu 26. september til 7. október, fimm græningjar *Vireo olivaceus*, grímuskríkja *Geothlypis trichas*, blámaskríkja *Dendroica cerulea* og loks pálmaskríkja *Dendroica palmarum* (Gunnlaugur Þráinsson og Gunnlaugur Pétursson 2000). Allir þessir fuglar fundust á sunnanverðu landinu, frá Garðskaga í vestri til Reynivalla í Suðursveit í austri. Í þessari grein verður fjallað um skríkjutegundirnar þrjár, sem allar eru nýjar fyrir Ísland og tvær þær síðastnefndu sáust nú í fyrsta sinn í Evrópu.

Grímuskríkjan við Garðskaga

Þann 26. september voru Björn Arnarson, Brynjólfur Brynjólfsson og Yann Kolbeinsson við fuglaathuganir á Garðskaga. Í grjótgarði norðan við vitann komu þeir auga á lítinn gulleitan spörfugl, sem leitaði þar skjóls fyrir stífri suðvestan-áttinni. Fuglinn var fremur felugjarn og eyddi mestum tíma inn á milli stórgrýtishnullunganna. Þetta reyndist vera ungur grímuskríkjukarl (1. mynd). Hann sást aftur daginn eftir en ekki eftir það.

Grímuskríkja verpur um nær alla N-Ameríku, frá SA-Alaska í vestri til Ný-

fundnlands í austri og frá Hudson Flóa í norðri, suður til Mexíkó. Innan útbreiðslusvæðisins er hún fremur algeng. Að vetrarlagi eru grímuskríkjur á SA-strönd Bandaríkjanna, strönd Kaliforníu, Vestur-Indíum og suður eftir allri Mið-Ameríku. Tegundinni er skipt í 15 undirtegundir. Líklegast er að flestir þeir fuglar sem sjást í Evrópu tilheyri undirtegundinni *G. t. trichas*, sem verpur í austurhluta N-Ameríku frá norðurhluta Ontario og Nýfundnlands suður til norðvesturhluta N-Karólínu og Texas.

Grímuskríkjan á Garðskaga var sú sjöunda sem fannst í Evrópu, en allar hinar fundust á Bretlandseyjum. Tvær þeirra fundust að vorlagi, þrjár að hausti og ein í janúar. Áttundi fuglinn í Evrópu fannst á Scilly-eyjum þann 9. október 1997 (Rogers o.fl. 1998).



1. mynd. Grímuskríkja *Geothlypis trichas* á Garðskaga, 27. september 1997. – Common Yellowthroat at Gardskagi, SW-Iceland on 27 September 1997. – Ríkarður Ríkarðsson.



2. mynd. Blámaskríkja *Dendroica cerulea* á Eyrarbakka, 7. október 1997. – *Cerulean Warbler at Eyrarbakki, S-Iceland on 7 October 1997.* – Jóhann Óli Hilmarsson.

Blámaskríkjan á Eyrarbakka

Þann 30. september hafði Elín Sigurgeirsdóttir í Björgvin á Eyrarbakka samband við Þorstein heitinn Einarsson fyrrverandi íþróttafulltrúa í Reykjavík og sagði honum frá litlum gulum fuglum sem héldu til í garði hennar og nálægum gördum. Þorsteinn hafði samband við Jóhann Óla Hilmarsson sem fór á staðinn daginn eftir. Jóhann Óli kom þar auga á smáfugl sem hann taldi vera ameríska skríkju, e.t.v. furuskríkju *Dendroica pinus*. Fuglinn hélt sig í runnum húsagarða og var auðvelt að nálgast hann. Hann var hinsvegar það kvikur að erfitt var að sjá nákvæm greiningareinkenni. Jóhann Óli myndaði fuglinn, en tókst ekki að greina hann til tegundar. Næstu daga skoðuðu fjölmargir fuglaskoðarar fuglinn, en erfiðlega gekk að greina hann með vissu. Um tíma töldu menn að um væri að ræða hnotskríkju *Dendroica castanea* en hið sanna kom í ljós þegar skoðaðar voru þær fjölmörgu ljósmyndir sem teknar höfðu verið af fuglinum. Þann 7. október náðist skríkjan í mistnet og var þá skoðuð nákvæmlega í hendi og ljósmynduð áður en henni var

sleppt (2. mynd). Eftir það sást fuglinn ekki.

Blámaskríkjur verpa í austurhluta N-Ameríku frá suðurhluta Québec og Nýja Englands suður til norðurhluta Louisiana og Georgíu, en verpa þó ekki við strendur Atlantshafs, nema í nágrenni New York. Undanfarna áratugi hefur útbreiðslusvæðið verið að vaxa til norðausturs. Blámaskríkjur hafa vetursetu í vesturhluta S-Ameríku, frá norðanverðri Kolumbíu og Venezuela suður til suðurhluta Perú og vestanverðrar Bolívíu. Blámaskríkja hefur ekki sést áður í Evrópu.

Pálmaskríkjan á Stokkseyri

Þegar Gaukur Hjartarson og Ríkarður Ríkarðsson voru við fuglaskoðun á Stokkseyri þann 5. október komu þeir auga á gulleita skríkju fljúga milli húsagarða. Þetta reyndist vera pálmaskríkja (3. mynd). Fjölmargir fuglaskoðarar lögðu leið sína til Stokkseyrar að skoða fuglinn sem sást allt til 10. október. Fuglinn var fremur gæfur, flaug milli runna og settist þess á milli á jörðina þar sem hann kroppaði eftir æti. Hann vaggaði stélinu í sífellu, líkt og

3. mynd. Pálmaskríkja *Dendroica palmarum hypochrysea* á Stokkseyri 5. október 1997. *Palm Warbler at Stokkseyri S-Iceland on 5 October 1997.* – Ríkarður Ríkarðsson.



maríuerla *Motacilla alba*, en það einkennir þessa skríkjutegund.

Magnús Sigurjónsson á Stokkseyri taldi sig hafa séð lítinn gulleitan fugl í húsa-görðum þar allt að viku áður en fugla-skoðarar uppgötvuðu pálmaskríkjuna. Því er hugsanlegt að fuglinn hafi verið kominn talsvert fyrr, og hafi jafnvel komið á svipuðum tíma og blámaskríkjan.

Pálmaskríkjur verpa frá NV-Kanada austur til Nýfundnlands og norðausturhluta Bandaríkjanna. Þær hafa vetursetu frá suðurrikkjum Bandaríkjanna og allt suður til Panama. Af pálmaskríkjum eru til tvær undirtegundir. Fuglinn á Stokkseyri var greindur til austrænu undirtegundarinnar *D. p. hypochrysea*, en sú undirtegund er gulari að neðan en vestræna undirtegundin *D. p. palmarum*.

Í maí 1976 fannst sjórekin pálmaskríkja á SV-Englandi (BOURC 1978). Hugsanlegt er að sá fugl hafi drepist um borð í skipi á leið til Evrópu frá N-Ameríku og er því er hann ekki talinn með á breska fugla-listanum (BOURC 2001). Stokkseyrarfuglinn er því eina pálmaskríkjan sem vitað er til að hafi flækst til Evrópu af eigin ramm-leik.

Vangaveltur

Robbins (1980) mat líkur á því að amerískir spörfuglar flæktust til Evrópu. Hann reiknaði út stuðul sem sýna átti líkur

á því að tiltekin tegund geti flækst til Evrópu. Því hærri sem stuðullinn er, því líklegra er að tegundin komist yfir Atlants-hafið að mati Robbins. Þannig fékk krúnuskríkja *Dendroica coronata* hæsta stuðulinn af öllum skríkjum eða 8,18, en hún er einmitt algengasta skríkjan hérlandis. Ráaskríkja *Dendroica striata* hefur þó reynst heldur algengari ef horft er til Evrópu allrar. Grímuskríkjan fékk í þessum útreikningum Robbins stuðulinn 3,04 og getur skv. því ekki talist mjög óvántur flækingur. Pálmaskríkjan fékk stuðulinn 1,75 og er því fremur ólíklegur flækingur í Evrópu. Blámaskríkjan komst hinsvegar ekki á blað yfir væntanlega flækinga í Evrópu hjá Robbins.

Haustið 1995 sáust níu amerískir spörfuglar hérlandis (Gunnlaugur Þráinsson og Gunnlaugur Pétursson 1997) og átta amerískir spörfuglar haustið 1997. Bæði þessi ár sáust fimm græningjar. Þessi tvö ár hafa nokkra sérstöðu hvað fjölda amerískra spörfugla hérlandis varðar, en sýna svo ekki verður um villst að Ísland er einn besti staður Evrópu til að leita slíkra fugla. Langflestir amerískir spörfuglar sjást nærri ströndu á svæði frá Innnesjum, vestur á Reykjanes og austur til Hornafjarðar. Á síðari árum hafa fuglaskoðarar einmitt beint sjónum sínum í auknum mæli að þessum svæðum og því von til þess að athugunum fari fjölgandi. Líklegt er að talsvert fleiri

ameríska spörfugla megi finna h rlendis me  auknum athugunum.

Yfirlitsgrein um skrikjur h rlendis og   Evr pu fram til 1995 birtist   N tt rufr   ingnum 1997 (Erling  lafsson & Gunnlaugur P tursson 1997).

 AKKIR

Gunnlaugur Br insson, Gunnlaugur P tursson, J hann  li Hilmarsson og Kristinn Haukur Skarp   insson l su greinina yfir   handriti og f r u margt til betri vegar auk þess sem þeir a sto u u    msan annan h tt vi  undirb ning hennar. Kunnum vi  þeim bestu þakkir fyrir.

HEIMILDIR

BOURC 1978. British Ornithologists' Union Records Committee: 9th Report (April 1978). – Ibis 120: 409-411.

BOURC 2001. British Ornithologists' Union Records Committee: 27th Report (October 2000). – Ibis 143: 171-175.

Curson, J., D. Quinn & D. Beadle 1994. New World Warblers. – Christopher Helm, London.

Dunn, J.L. & K.L. Garret 1997. A Field Guide to Warblers of North America. –Houghton Mifflin Company, New York.

Erling  lafsson & Gunnlaugur P tursson 1997. Fl kingsfuglar    slandi: Skrikjur. – N tt rufr   ingurinn 66: 161-179.

Gunnlaugur Br insson 1997. Palm Warbler and Cerulean Warbler in Iceland - new to the Western Palearctic. – Birding World 10: 392-393.

Gunnlaugur Br insson & Gunnlaugur P tursson 1997.

Sjaldg fir fuglar    slandi 1995. – Bliki 18: 23-50.

Gunnlaugur Br insson & Gunnlaugur P tursson 2000.

Sjaldg fir fuglar    slandi 1997. – Bliki 21: 31-58.

Robbins, C.S. 1980. Predictions of future Nearctic landbird vagrants to Europe. – British Birds 73. 448-475.

Rogers, M.J. & the Rarities Committee 1998. Report on rare birds in Great Britain in 1997. – British Birds 91: 455-517.

SUMMARY

Three new species of American Wood Warblers in Iceland

Three species of American Wood Warblers were found in Iceland in the autumn of 1997. All of those were new to Iceland, and two were new to the Western Palearctic. (1) A young male Common Yellowthroat *Geothlypis trichas* was found at Gar skagi on the Reykjanes Peninsula on 26 September. (2) A Cerulean Warbler *Dendroica cerulea* was found at Eyrarbakki on 1 October and seen until 7 October. (3) A Palm Warbler *Dendroica palmarum hypochrysea* was found at Stokkseyri on 5 October, just 5 km east of Eyrarbakki and observed until 10 October. Additionally, five Red-eyed Vireos *Vireo olivaceus* were found in Iceland during the same time period. All these birds were found on the southern coast of Iceland.

Gaukur Hjartarson, H ager i 7, 640 H sav k.
R kar ur R kar sson, Brei vangi 3, 220 Hafn-
arfj r ur.

Yann Kolbeinnsson, S lheimum 30, 104 Reykja-
v k.

Nýr fugl - þernutrítill

Meðal þeirra sjö tegunda sem sáust í fyrsta skipti hér á landi árið 1997 var þernutrítill, sérkennilegur vaðfugl, sem kominn var alla leið frá S-Evrópu eða jafnvel N-Afríku. Frændi hans stepputrítill hafði sést hér áður.

Inngangur

Í fyrstu viku júní 1997 var Snæfugl SU á veiðum á Lónsdýpi suðaustur af landinu. Þann 7. júní var báturinn staddur á 64°11'N og 14°23'V og varð þá einn skipverja, Gunnar B. Ólafsson fuglaáhugamaður, var við fugl sem sest hafði á skipið og hann bar ekki kennsl á (1. mynd). Skipverjum tókst að handsama fuglinn og komu þeir með hann í land. Haft var samband við Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir lýsingu var fuglinn greindur sem þernutrítill *Glareola pratincola*, en sú tegund hafði ekki áður fundist hérlandis. Undirritaður fór til Reyðarfjarðar 6. júlí þar sem fuglinn var í haldi og staðfesti greininguna og tók myndir. Fuglinn dó í haldi síðar um sumarið, var stoppaður upp og er í vörslu finnanda.

Flokkun og útbreiðsla

Trítlar eru vaðfuglar og tilheyra ættinni (Glareolidae). Til hennar teljast sautján tegundir, sem skiptast í lápur, þrjár ættkvíslir og níu tegundir, og trítla, tvær ættkvíslir og átta tegundir. Trítlarnir hafa suðlæga útbreiðslu, frá Evrópu og austur í Asíu, og tvær tegundirnar eiga heimkynni í Indónesíu og Ástralíu. Varpútbreiðsla trítla er bundin við gresjur og sléttur með lággróðri og oft í nánd við votlendi. Þeir verpa oftast í þéttum og oft nokkuð stórum byggðum og veiða skordýr á flugi. Fæðuöflunin fer mest fram í ljósaskiptunum, en trítlar eru annars lítt áberandi á öðrum tímum sólarhringsins.

Þrjár tegundir trítla hafa sést í V-Evrópu og eru þeir jafnframt stærstu fulltrúar ættkvíslarinnar. Það eru þernutrítill, steppu-

trítill *Glarerola nordmanni* og svölutrítill *Glareola maldivarum*. Vetrarstöðvar þernutrítils og stepputrítils eru í sunnanverðri Afríku en svölutrítill er austar, í Asíu og Indónesíu.

Lýsing

Þessar þrjár ofangreindu tegundir trítla eru mjög líkar í útliti og getur verið erfitt að greina á milli þeirra. Þeir eru líkir að stærð og minna mjög á þernu í útliti. Þernutrítill er ívið minni en kría. Fullorðnir fuglar eru brúnleitir að ofan, kremgulir á kverk og niður á háls og með hvítan kvið og undir- og yfirstélþökur. Vængir eru langir og oddmjóir og stélið klofið. Stél-fjaðrir og handflugfjaðrir eru dökkar. Goggurinn er dökkur en rauður við rót, stuttur og örlítið niðursveigður. Fætur eru dökkir og fremur stuttir fyrir vaðfugla.

Stepputrítill er með dökka yfir- og undirvængi, en bæði þernutrítill og svölutrítill hafa rauðbrúnar undirvængþökur og axlarfjaðrir. Þernutrítill hefur ljósari yfirvængi en hinar tegundirnar og er með ljósa jaðra á afturbrún vængja, sem hinar hafa ekki. Ystu stél-fjaðrirnar eru lengstar á þernutrítlinum en stystar á svölutrítlinum.

Staða í Evrópu

Þernutrítillinn hefur vestlægustu útbreiðslu af trítlunum og er varpútbreiðslan vestur með Miðjarðarhafi og allt til Spánar og Portúgal. Ef litið er til nágrannalanda okkar þá höfðu sést 84 þernutrítlar á Bretlandseyjum til ársins 2000, 14 í Danmörku, 14 í Svíþjóð og fjórir í Noregi.



1. mynd. Þernutrítillinn *Glareola pratincola* sem fannst 7. júní 1997 á báti á Lónsdýpi. Myndin er tekin 6. júlí á Reyðarfirði þar sem fuglinn var hafður í haldi. – Hallgrímur Gunnarsson.

Norsku fuglarnir hafa allir verið á ferð fyrri hluta júní og einn þeirra sást 1997 eins og okkar fugl. Í Hollandi hafa sést 18 fuglar, sex í Póllandi og í Sviss höfðu sést 22 fuglar til ársins 1998. Langflestir þessara fugla sáuust á tímabilinu frá maí til ágúst. Það má því segja að ekki hafi komið mikið á óvart að þernutrítill fundist hér á landi.

Þess má geta að stepputrítill hefur sést þrisvar á Íslandi. Sá fyrsti á Garðskaga í október 1979, næsti við Stafnes á Miðnesi í október 1983 og sá síðasti í Suðursveit í júní 1987. Á Bretlandseyjum hafa sést 29 stepputrítlar, 26 í Hollandi og sjö í Danmörku.

Af svölutritli hafa aðeins sést fimm fuglar í Bretlandi, enda hefur hann austrænustu útbreiðsluna eins og að ofan greinir.

ÞAKKIR

Ég vil þakka Gunnari Þór Hallgrímssyni og Gunnlaugi Péturssyni fyrir yfirlestur og aðstoð við gagnatöflun.

HEIMILDIR

- Cottridge, D. & K. Vinicombe 1996. Rare birds in Britain and Ireland. A photographic record. – HarperCollins Publishers, London.
- Hayman, P., J. Marchant & T. Prater 1986. Shorebirds: an Identification guide to the waders of the world. – Helm, London.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1991. Flækingsfuglar á Íslandi: Vaðfuglar 1 (lóur o.fl.). – Náttúrufræðingurinn 61: 29-46.
- Mullarney, K., L. Svensson, D. Zetterstrom & P. J. Grant 1999. Bird Guide. The most complete field guide to the birds of Britain and Europe. – HarperCollins Publishers, London.

SUMMARY

Collared Pratincole, new to Iceland

On 7th June 1997 a Collared Gratincole *Glareola pratincola* landed on a boat just off the east coast of Iceland (on 64°11'N and 14°23'W). This is the first record of this species in Iceland. The Black-winged Pratincole *Glareola nordmanni* has been recorded three times, in 1979, 1983 and 1987.

Hallgrímur Gunnarsson, Vöðihlið 22, 105 Reykjavík.

Svölugleða á Síðu

Evrópskur ránfugl, svölugleða, kom til Íslands síðla árs 1997 og dvaldi á Síðu til september 1999 er hann náðist og var sendur aftur á uppeldisslóðir sínar í Skotlandi. Þetta var í fyrsta sinn sem svölugleða sást hér á landi.

Inngangur

Um miðjan desember 1997 tók Steingrímur Lárusson á Hörgslandskoti á Síðu eftir dularfullum ránfugli sem hélt til í nágrenni við bæinn. Þetta var stór rauðbrúnn fugl með klofið stél og undarlega litaða bletti ofaná vængjum, bláan blett á vinstri væng og rauðgulan blett á hægri væng. Fréttir af fuglinum bárust til Náttúrufræðistofnunar Íslands snemma árs 1998 og þann 25. febrúar komu Hálfðán Björnsson og Björn Arnarsson á vettvang og staðfestu að hér væri svölugleða *Milvus milvus* á ferðinni, ný tegund fyrir íslensku fuglafánuna (sjá Björn G. Arnarson 1998).

Skellumar dularfullu á vængjunum reyndust vera litmerki og jafnframt voru þessi vængmerki lykillinn að því að fræðast frekar um fuglinn, uppruna hans og ættir. Höfundur þessa pistils hafði um nokkurt skeið fylgst með tilraunum Breta til að flytja svölugleður á svæði þar sem þær voru útdauðar. Grunur vaknaði um að hér væri kominn einn af þessum fuglum. Símtal við Brian Ethridge hjá Konunglega Breska Fuglaverndarfélaginu (RSPB) þann 26. febrúar 1998 staðfesti þennan grun. Brian þekkti fuglinn strax og hafði eftirfarandi að segja: Gleðan klaktist úr eggi vorið 1997 við þorpið Munlochý við Inverness í Skotlandi og var merkt ásamt systkini sínu 25. júlí sama sumar. Foreldrarir voru sænskur karlfugl sem sleppt var nýflegum í Skotlandi 1993 og kvenfugl sem klaktist úr eggi í Skotlandi sumarið 1995 og var af fyrstu kynslóð leysingja. Þetta var þriðja varptilraun karlfuglsins en fyrsta tilraun kvenfuglsins. Ekkert var vitað um ferðir

þessarar gleðu okkar frá merkingu uns Steingrímur kom auga á hana um miðjan desember. Frá Munlochý að Hörgslandskoti eru 1019 km eftir stórbaug og stefnan er 313°.

Um svölugleður

Hvernig fugl er svölugleða? Hún er af ættbálki ránfugla (Falconiformes) og ættkvísl gleða (*Milvus*). Ein önnur tegund tilheyrir þessari ættkvísl og það er vatnagleða *M. migrans* sem einnig hefur sést hér á landi (Hálfðán Björnsson 1983). Svölugleða er meðalstór ránfugl, 61-66 cm að lengd, vænghaf er 175-195 cm og þyngd er 760-1200 g. Eins og fyrr sagði er hún auðþekkt á rauðbrúnum lit og klofna stéli. Hún veiðir sér til matar og leggst einnig á hræ. Sem veiðifugl er hún ekki sérhæfð í fæðuvali og fangar einkum lítil og meðalstór spendýr eins og nagdýr, snjálrdur og héraðyr, og fugla eins og þresti, lævirkja, stara og hröfnunga. Svölugleða tekur einnig skriðdýr, froskdýr, fiska, skordýr og jafnvel ánamaðka. Hún veiðir með því að fljúga lágt yfir jörðu eða að steypa sér úr háalofti.

Búsvæði svölugleðu er þar sem skiptist á skógivaxið land og opin svæði svo sem akrar, graslendi, móar og fleira. Hún gerir sér hreiður í trjám, laup, en veiðir á bersvæði. Svölugleða sækir mikið í sorphauga.

Útbreiðsla svölugleðunnar náði um alla Vestur-, Mið-, Austur- og Suður-Evrópu. Auk svæða í Norður-Afríku, og á Kanaríeyjum og Grænhöfðaeyjum. Vegna ofsókna mannsins hefur útbreiðslusvæði svölugleðu



1. mynd. Svölugleðan *Milvus milvus* á Náttúrufræðistofnun Íslands við brottför til Skotlands í nóvember 1999. – Arnór Þ. Sigfússon.

dregist mjög saman síðastliðnar tvær aldir og hún hefur víða dáið út sem varpfugl. Heimstofninn var talinn vera 10000-12000 pör um 1990 og stærstu varpstofnana var að finna í Þýskalandi, Frakklandi og á Spáni.

Á Bretlandseyjum var svölugleða nær útdauð í upphafi 20. aldar. Innan við 10 pör lifðu ofsóknirnar af og þau voru öll bundin við eitt hérað í Wales. Þrátt fyrir stranga friðun óx þessi stofn mjög hægt alla 20. öldina og fuglarnir dreifðust ekkert út fyrir Wales. Árið 1989 taldi þessi stofn 54 varppör. Til að tryggja framtíð svölugleðunnar á Bretlandseyjum var ákveðið að flytja gleður á fornar slóðir í Englandi og Skotlandi. Gleðustofninn í Wales var talinn vera of lítill til að geta þolað þá blóðtöku sem þyrfti til að fá nægilegan fjölda nýliða og því voru gleður sóttar til Svíþjóðar, Þýskalands og Spánar. Þessar aðgerðir hófust 1989 og 400-500 fuglum hefur verið sleppt síðan á þremur land-svæðum í Englandi og tveimur í Skotlandi. Árangur hefur verið með ágætum og sumar-ið 2000 taldi breski varpstofninn 429 pör, þar af voru 259 í Wales, 131 par í Englandi og 39 pör í Skotlandi.

Gleðan okkar var eins og að framan greindi kominn út af leysingjum. Svölugleðan í Wales er staðfugl og sama er að

segja um þá stofna sem komið hefur verið á laggirnar á Englandi og í Skotlandi. Þetta er ólíkt því sem er hjá svölugleðum í Vestur-Evrópu en flestar þeirra fara til suður Frakklands og Spánar á veturna. Á Bretlandseyjum eru það helst ungfuglar sem ferðast einhverjar vegalengdir og það gerist fljótlega eftir að þeir yfirgefa æskuóðal sitt og þessi ferðalög eru mest í suður og suðvestur átt. Svona ferðalög eru kölluð ungfar – „juvenile dispersal“ á ensku. Ferðalag gleðunnar sem sást á Síðu er eitthvað lengsta ungfar sem skráð hefur verið fyrir breska gleðu.

Upplýsingar um lífshætti og útbreiðslu svölugleðu er fengnar frá Cramp & Simmons (1980) og del Hoyo o.fl. (1994). Upplýsingar um árangur sleppinga á Bretlandseyjum eru úr fréttatilkynningu Konunglega Breska Fuglaverndarfélagins frá 24. nóvember 2000 (*Red Kites soar to new heights*).

Meinleg örlög gleðunnar

En hvað varð svo um þennan blessaða fugl? Gleðan settist að á Síðu og virtist una sér þar vel. Hún sást af og til allt fram í september 1999 en þá var komið að henni illa fleygri og hraktri. Greinilegt var að gleðan hafði verið að atast í fyl *Fulmarus glacialis* og fengið grút í haminn. Fuglinn

var snarlega handsamaður og fluttur á Náttúrufræðistofnun Íslands í Reykjavík. Þar var gleðan þvegin og alin fram eftir hausti, en 11. nóvember 1999 var hún send aftur til Skotlands. Samkvæmt Kevin Duffy hjá RSPB var gleðunni sleppt lausri þann 1. mars 2000 á heimaslóðum í Inverness. Þessum mikla ferðalang voru þó ekki ætlaðir langir lífdagar því 8 vikum síðar fannst fuglinn dauður um 40 km frá sleppi-staðnum, dánarorsök óþekkt!

HEIMILDIR

- Björn G. Arnarson 1998. Flækingar á ferð og flugi. – Bls. 216-221 í Gísli Sverrir Arnason (ritstj.) Kvískerjabók. Sýslusafn Austur-Skaftafellssýslu, Höfn í Hornafirði.
- Cramp, S. & K.E.L. Simmons (ritstj.) 1980. The Birds of the Western Palearctic. 2. bindi. – Oxford University Press, Oxford.
- del Hoyo, J., A. Elliott, & J. Sargatal (ritstj.) 1994. Handbook of the Birds of the World. Volume 2. – Lynx Edicions, Barcelona.

Hálf dán Björnsson 1983. Vatnagleða kemur til Íslands. – Bliki 2: 58-59.

SUMMARY

First record of Red Kite in Iceland

In mid December 1997 a Red Kite *Milvus milvus* was observed at Hörgslandskot at Síða in south-east Iceland (63°51'N and 17°58'W). This was the first record of this species in Iceland. The bird was wing tagged, and had been banded on its natal territory close to the village of Munlochy in Inverness, Scotland (57°33'N and 04°16'W) on 25 July 1997 (Brian Ethridge, RSPB Scotland, *pers. comm.*). The great circle distance and direction between the two sites is 1019 km and 313°. The bird stayed at Síða until September 1999 when it was found oiled by a Fulmar *Fulmarus glacialis* and unable to fly. It was transported to Scotland in November 1999 and released close to its natal territory on 1 March 2000 only to be found dead 8 weeks later (Kevin Duffy, RSPB Scotland, *pers. comm.*).

Ólafur K. Nielsen, Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History, Pósthólf / P.O. Box 5320, 125 Reykjavík.

Flækingsfuglamynd ársins 2002



Flækingsfuglamynd ársins 2002, kosin af notendum fuglavefs Yanns Kolbeinssonar (<http://www.hi.is/~yannk/indexeng.html>). Myndin er af grágríp *Muscicapa striata* sem Daniel Bergmann tók í Þorlákshöfn 18. september 2002. – Alls hafa sést 86 grágrípar hér til og með 2000, einkum á Suðurlandi. Um það bil átta fuglar sáuist árið 2001 og a.m.k. níu fuglar 2002. Á vorin hefur þeirra orðið vart frá annari viku apríl og út júnímánuð. Þeir eru algengari á haustin og sjást þá frá septemberbyrjun fram í fyrstu viku nóvember.

Sögur af tjöldum

Formáli

Undirritaður hefur verið áhugamaður um fugla frá barnsaldri en heldur hefur þetta ágerst með aldrinum og beinst meira að allskonar atferlisskoðun og rannsóknunum sem fylgja fugla-merkingum. Undanfarin ár hefur athyglin mest beinst að tjöldum, sem helgast líklega af því hversu algengir, auðséðir og staðbundnir þeir eru og þess vegna auðveldari fyrir leikmann að fylgjast með. Frá árinu 1998 hef ég ásamt félögum mínum Jóni Gunnari Jóhannssyni og Hallgrími Gunnarssyni litmerkt talsvert af tjöldum, bæði síðla vetrar en einkum varpfugla á hreiðrum og unga þeirra. Þetta höfum við gert til þess að afla upplýsinga um tryggð tjalda við áttthaga sína, við varpstaði sína og um hjúskaparhætti þeirra. Við höfum líka reynt að afla gagna með litmerkingunum sem aukið geta skilning á því hvers vegna sumir tjaldar kjósa að hafa vetursetu hér á landi í stað þess að fljúga suður á bóginn. Þar getur uppruni, aldur, kyn, hjúskaparstaða og jafnvel fjölskyldutengsl spilað inni. Í tengslum við þessa vinnu verður maður auðvitað var við ýmislegt sérkennilegt í fari einstakra fugla sem ég vil segja hér frá.

Óviðkomandi leggst á hreiður

Árið 1999 veiddi ég og litmerkti annan fuglinn á sitt hvoru hreiðrinu við Ástjörn, en

vegna tímaskorts varð að biða næsta árs með að ná mökum þeirra. Þegar til þess kom árið 2000 brá svo við að aðeins eitt hreiður reyndist vera á svæðinu. Gildran var sett á hreiðrið og kom merkti fuglinn frá árinu áður í hana aftur. Endurveiði sömu tjalda gerist örsjaldan hjá okkur, því þeir virðast á varðbergi eftir fyrri reynslu. Við spenntum því gildruna enn á ný á hreiðrinu til að ná makanum og innan skamms var kominn í hana annar fugl. Sá reyndist líka vera merktur, en kominn af nágrannahreiðrinu frá 1999. Það lá því beinast við að draga þá ályktun að þessir tveir nágrannar hefðu parast. Síðar, þegar komið var á óðalið í þeim tilgangi að merkja ungana reyndust þeir í umsjón fuglsins sem merktur var árið áður á þessum stað og ómerktu fugls. Hinn fuglinn sem við höfðum endurveitt á hreiðrinu sást hvergi í nágenninu, en sást oft um sama leiti í ætisleit í Hvaleyrarlóni.

Hvar eru eggin?

Árið 1999 urðum við Jón Gunnar varir við fugl á Hvaleyri sem virtist tilskýndar liggja á hreiðri. Það er talsverður gangur út á eyrina og þegar á staðinn var komið gekk illa að finna hreiðrið. Eftir nokkrar tilraunir og nákvæma útreikninga á staðsetningu þess fannst loks tóm



Tjaldar í biðilsleik. – Jóhann Óli Hilmarsson.



Tjaldsungur. – Jóhann Óli Hilmarsson.

hreiðurskál. Þegar í ljós kom að ekki var legið á neinum eggjum þótti okkur líklegt að um ungfugl væri að ræða og fengumst ekki meira um þetta. Ári síðar urðum við varir við sama háttinn í sama óðali. Við ákváðum því að setja gildruna á egglausa hreiðrið og viti menn tveir fuglar skiluðu sér í hana. Við sáum mikið eftir að hafa ekki reynt þetta ári áður, því þessir fuglar hegðuðu sér líkt og aðrir tjaldar við hreiður og vörðu óðal sitt af ákefð. Árið 2001 voru sömu fuglarnir komnir í óðalið en engin fundust eggin. Sú freisting að færa þeim egg annarra gerist nú áleitin, en slíkt mun biða enn um sinn. Gaman væri að fá viðbrögð lesenda við þess konar inngripum í náttúruna áður en af slíku yrði. Þess má geta að í hreiðrinu voru steinvölur á stærð við egg.

Fuglar þessir voru óvenju þungir og kenndi riststjóri *Blika* því um að þeir væru líklega fullir af óörpum steinvölum.

Skilnaðafugl

Rannsóknir á tjöldum á eyinni Skokholm í Wales sýndu að skilnaðir verða hjá um 8% tjaldspara milli ára og þá helst hjá ungum fuglum í kjölfar lélegs varpárangurs (Harris o.fl. 1987). Vegna tímaleysis hjá okkur hefur

reynst erfitt að finna týndan maka og þess vegna er oft óvissa um hvort skilnaður hafi raunverulega átt sér stað eða dauðsfall fyrri maka sé orsökinn.

Einn fugl þekki ég sem paraður er fjórða makanum á fimm árum þótt fyrri makar væru enn á lífi. Árið 1998 merkti ég kvenfugl á Bessastaðanesi sem ekki kom upp ungum það ár. Árið eftir varp hún og kom upp ungum við Hausastaði með nýjum maka, en sumarið 2000 misstu þau 4-15 daga gamla unga á sama óðali. Vorið 2001 mætti parið á óðalið 20. mars en í byrjun apríl fóru þau að sjást í sitt hvoru lagi víðsvegar um Álftanes en þó líka saman á óðalinu. Samvistir þeirra á óðalinu urðu fátíðari er á leið og hvarf kvenfuglinn alveg rétt eftir miðjan apríl. Hún fannst svo aftur með nýjum maka á óðali við Pálshús í byrjun maí, en þá var fyrri maki hennar paraður nágranna frá árinu áður á gamla óðalinu við Hausastaði. Varp vinkonu okkar bar ekki ávöxt þetta sumar og vorið 2002 var hún komin með enn einn karlinn, nú í fjöruna við Dysja. Þau komu upp ungum, svo líklega má vænta hennar á sama stað, með sama maka að vori.

Á nokkrum öðrum óðulum þar sem báðir fuglar voru mættir snemma vors hafa átt sér

stað makaskipti er nær dró varptíma, án þess að brottfarni makinn hafi fundist. Þetta bendir til þess að skilnaðir tjalda hérlandis eigi sér oft stað á vorin fyrir varp, eins og sýnt hefur verið fram á á eyrni Schiermonnikoog í Hollandi (Ens o.fl. 1993). Önnur skýring gæti verið að tíðni dauðsfalla sé há hérlandis í upphafi varptíma. Hér er ef til vill verðugt rannsóknar-efni. Hugsanlegt er að þrátt fyrir að sambúð fyrra árs hafi ekki borið árangur haldi báðir fuglarnir tryggð við óðal sitt uns eitthvað betra býðst. Í þessu sambandi má geta fugls sem varp þriggja ára en kynþroskaaldur tjalda er almennt talinn fjögur ár. Þessi fyrsta varptílaun gekk ekki sem skyldi því egginn klöktust ekki. Ári síðar urpu þessir sömu fuglar aftur á sama óðali með ágætum árangri.

Sumarið 2001 fannst frásakilinn fugl af Álftanesi með nýjum maka suður í Garði og er þetta langlangsti flutningur sem við höfum orðið varir við.

Ábyrgðarfullri

Eitt af því sem vakið hefur athygli okkar er að karlfuglar virðast ákafari að leggjast á hreiðrið eftir að gildra hefur verið sett upp. Í 14 tilfellum af 20 (70%) þar sem alveg öruggt er hvors kyns fuglarnir eru hefur karlfuglinn veiðst á undan, en athuganir hafa sýnt að karlfuglarnir sinna aðeins um 34% álegunnar (Guðbjörg Inga Aradóttir 2002).

Gildruveiðar

Misvel gengur að veiða einstaka tjalda og hefur þessi veiðimennska kallað á margar ólíkar veiðiaðferðir til þess að handsama þá. Því hefur þróun veiðibúnaðar verið mikil í tengslum við verkefnið. Oftast gengur best að ná þeim í búr

sem fuglarnir ganga inn í og loka á eftir sér, en sumir fuglar koma ekki að hreiðri sínu nema opið sé í allar áttir. Fyrir þessa einstaklinga hefur verið hönnuð gildra sem minnir mest á opna regnhlíf og fellur ofan á þá. Tjaldar ganga yfirleitt síðasta spölinn að hreiðrinu og gildirur sem hannaðar hafa verið fyrir fugla sem lenda á hreiðrinu (t.d. kriu) hafa aðeins skilað þremur af þeim 240 tjöldum sem við höfum veitt á hreiðri.

Erlendir gestir sem séð hafa veiðibúnað fuglamerkingafélagsins eiga ekki orð yfir vopna-búrinu og hafa lýst áhuga á að eignast svona búnað. Þetta þykir okkur góður vitnisburður um vinnu okkar félaganna en flestar gildrurnar eru hannaðar af okkur frá grunni og eiga enga skylda fyrirmynd. Ég vil nota þetta tækifæri til að hvetja íslenska fuglamerkingamenn til að heimsækja okkur í gildruverksmiðjuna við Hafnarfjarðaveg.

HEIMILDIR

Ens, B., U.N. Safriel & M.P. Harris 1993. Divorce in the long-lived and monogamous oystercatcher, *Haematopus ostralegus*: incompatibility or choosing the better option? – Anim. Behav. 45: 1199-1217.

Guðbjörg Inga Aradóttir 2002. Hegðun tjalda (*Haematopus ostralegus*) á varptíma. – 5 eininga verkefni við Líffræðiskor Háskóla Íslands. 43 bls.

Harris, M.P., U.N. Safriel, M. de L. Brooke & C.K. Britton 1987. The pair bond and divorce among Oystercatchers *Haematopus ostralegus* on Skokholm Island, Wales. – Ibis 129: 45-57.

Ólafur Á. Torfason, Álfholti 34, 220 Hafnarfjörður.

Fuglagáta – *Mystery photograph*

11 Líkt og í fuglagátu nr. 10 sést hér aftan á fugl sem situr og snyrtir sig. Ekkert segir til um stærð fuglsins. Þegar litið er á myndina sést strax að hér er um vaðfugl eða rellu að ræða, þrjár stórar tær fram og ein lítil aftur. Tær fuglsins eru óvenju langar miðað við stærð fuglsins. Það útilokar flestar þær vaðfugla- tegundir sem við þekkjum og beinir okkur að relluættinni.

Fuglinn á myndinni er brúnleitur á baki með svörtu rákamynstri á baki. Þá sést á hægri síðu hans að þar eru svartar og hvítar rákir. Hnakkinn er brúnn en vangar eru grábláir. Fætur eru gulbrúnir og ef vel er að gáð má sjá að augað er rautt.

Allar vatnshæurnar, það er blesshæna, sefhæna o.s.frv., falla út þar sem þær eru einlitar dökkar og fótalitir passar ekki. Þetta leiðir okkur þá að rellunum. Dílarella og flóðrella

koma ekki til greina vegna fótalitir. Eftir standa þá engirella, dvergrella og keldusvín. Dvergrella er dökkblágrá á vöngum og því getum við útilokað hana. Engirellan er með gulbrúnar rákir á síðum og því getum við einnig útilokað hana. Eftir standur því keldusvín. – *Ríkarður Ríkarðsson.*

Að þessu sinni bárust ritstjórn Blika átta úrlausnir. Allir þátttakendur greindu tegundina rétt. Dregið var um vinningshafa og er það Þorsteinn M. Magnason, Reykjavík, sem fær eintak af Blika 23 sent án endurgjalds. Ritstjórn hvetur lesendur Blika til að taka þátt í leiknum með okkur og greina tegundina á myndinni hér að ofan. Skrifðu nafn tegundarinnar og nafn ykkar á blað og sendið til Blika, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík, merkt „Fuglagáta 12“ eða skrifið okkur tölvu- póst (bliki@ni.is). – *Ritstjóri.*



Keldusvín *Rallus aquaticus* við Núp í Öxarfirði, 2. nóvember 1995. Sjá einnig Blika 18: 35. – *Ríkarður Ríkarðsson.*



Fuglagáta nr. 12. Greinið tegundina. – *Mystery photograph no. 12. Identify the species.*



CONTENTS

Arnþór Garðarsson & Þorkell Lindberg Þórarinnsson: The wintering of Harlequin Ducks in Southwest Iceland	1
Arnþór Garðarsson & Þorkell Lindberg Þórarinnsson: Distribution and numbers of Harlequin Ducks wintering in Iceland ..	5
Yann Kolbeinsson, Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson: Rare birds in Iceland in 1999	21
Gaukur Hjartarson, Ríkarður Ríkarðsson & Yann Kolbeinsson: Three new species of American Wood Warblers in Iceland	51
Hallgrímur Gunnarsson: Collared Pratincole, new to Iceland	55
Ólafur K. Nielsen: First record of Red Kite in Iceland	57
Miscellaneous	60
Mystery photograph	64



Bliki er gefinn út af Náttúrufræðistofnun Íslands í samvinnu við Flækingsfuglaneðnd, Fuglaverndarfélag Íslands, Líffræðistofnun háskólans og áhugamenn um fugla. Birtar eru greinar og skýrslur um íslenska fugla ásamt smærri pistlum um ýmislegt sem að fuglum lýtur.

Ritnefnd: Guðmundur A. Guðmundsson (ritstjóri), Arnór Þ. Sigfússon, Arnþór Garðarsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn H. Skarphéðinsson.

Afgreiðsla: Náttúrufræðistofnun Íslands, Hlemmi 3, pósthólf 5320, 125 Reykjavík. – Sími: 590 0500. – Bréfasími: 590 0595. – Netfang: bliki@ni.is.

Áskrift: Ritið kemur út a.m.k. einu sinni á ári. Hvert hefti er verðlagt sérstaklega og innheimt með giróseðli (giróreikningur nr. 29822-0). Þeir sem þess óska geta látið skrá sig á útsendingarlista og fá þá ritið við útgáfu.

Greinar, sem óskast birtar, skulu sendar ritstjóra *Blika* á Náttúrufræðistofnun. Höfundar fá 25 sérprent af greinum sínum endurgjaldslaut.

Veffang: <http://ni.is/bliki.htm>

© 2003 Bliki – ISSN 0256-4181

Ábyrgðarmaður: Guðmundur A. Guðmundsson.
Umbrot: Gunnlaugur Pétursson / Bliki
Litgreining: Bliki / Prentsmiðjan Gutenberg
Prentun og bókkband: Prentsmiðjan Gutenberg

Forsíðumynd – Front cover:

Straumendur *Histrionicus histrionicus* við Laxá í Mývatnssveit.
Maí 2001.
Ljósm. Daniel Bergmann.

Bliki is published by the Icelandic Institute of Natural History in cooperation with the Icelandic Rarities Committee, the Icelandic Society for the Protection of Birds, the Institute of Biology (University of Iceland), and birdwatchers. The primary aim is to act as a forum for previously unpublished material on Icelandic birds, in the form of longer or shorter papers and reports. The main text is in Icelandic, but summaries and figure- and table texts in English are provided, except for some shorter notes.

Editorial board: Guðmundur A. Guðmundsson (editor), Arnór Þ. Sigfússon, Arnþór Garðarsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, Jóhann Óli Hilmarsson and Kristinn H. Skarphéðinsson.

Circulation: Icelandic Institute of Natural History, PO Box 5320, IS-125 Reykjavík, Iceland. – Phone: +354-590 0500. – Fax: +354-590 0595. – E-mail: bliki@ni.is.

Subscription: *Bliki* appears at least once each year. Each issue is priced and charged for separately, hence there is no annual subscription. Those wishing to receive future issues of the magazine, will be put on the mailing list. Payment is by an invoice or postal giro (account no. 29822-0). Offers of exchange of bird journals, will be considered.

Articles and contributions should be sent to the editor. Authors of major articles receive 25 reprints, free of charge.

Note to foreign readers: The Icelandic letters Ðð, Þþ, Ææ, Öö and vowels with an acute accent (Áá, Éé, Íí, Óó, Úú, Ýý) are used in all Icelandic and foreign texts. In the reference lists “HEIMILDIR” Icelandic authors are listed by their Christian name, as is customary in Iceland.